



Kennaradeild
Leikskólabraut
2002

Sameinaðir stöndum vér
um sameiningu fámennra leikskóla og fámennra grunnskóla

Torfhildur Guðrún Sigurðardóttir
Lokaverkefni í kennaradeild



Kennaradeild
Leikskólabraut
2002

Sameinaðir stöndum vér

um sameiningu fámennra leikskóla og fámennra grunnskóla

Torfhildur Guðrún Sigurðardóttir
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Leiðsögukennari: Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Yfirlýsingar

- a) „Ég lýsi því hér með yfir að ég er ein höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna”.
-

- b) „Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild”.
-

Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitað svara við rannsóknarspurningunni: *Er vænlegur kostur að sameina fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla í eina stofnun?* Leitað verður svara við spurningunni út frá tveimur megin sjónarhornum, þ.e. annars vegar því sem kalla má ytri rök, en það eru þeir utanaðkomandi þættir sem stýra og hafa áhrif á skólastarf, og hins vegar því sem nefna má innri rök, en það eru þeir þættir í innra starfi þessara tveggja skólastiga, sem skipt geta máli varðandi svör við spurningunni. Undir ytri rök flokkast hér til að mynda lög, reglugerðir og námskrár, auk samfélagslegra aðstæðna og umhverfis skóla og rekstrarlegra þátta og sjónarmiða. Undir innri rök flokkast hins vegar eðli hins fámenna skóla, uppeldis- og kennslufræðilegar aðferðir, stefnur og straumar og síðast en ekki síst sú reynsla sem nú þegar er fyrir hendi af starfi með þeim hætti sem hér er verið að skoða.

Kafla 1 er inngangur ritgerðarinnar, en þar er útskýrt hvers vegna ástæða þykir að leita svara við rannsóknarspurningunni. Þar gefur einnig að líta umfjöllun um uppbyggingu ritgerðarinnar, aðferð við heimildaöflun og fleiri nauðsynlegar forsendur. Kafla 2 og undirkaflar hans hafa að geyma umfjöllun um ytri rök þessa máls en kafla 3 og undirkaflar hans fjalla um innri rökin. Í kafla 4 gefur að líta samantekt þeirra skrifa sem á undan hafa farið og í kafla 5 er að finna helstu niðurstöður. Í kafla 6 er sett fram skólalíkan, sem ætlað er að henti fámennum skólasamfélögum. Kafla 7 er lokaorð, en þar er að finna örstutta samantekt efnis og endanleg svör við rannsóknarspurningunni.

Abstract

In this paper an attempt is made to answer the following research question: *Is the merging of small nursery and primary schools into one institution a viable option?* The question is addressed from two different points of view: First, considering what might be called systemic reasons which constitute factors that lie outside the schools themselves but guide and affect their running, and second, considering pedagogical reasons and inner factors and conditions that are likely to be influential to the answer. The systemic reasons include factors such as education acts and regulations, curricula, social conditions and school environment as well as financial and managerial issues. The pedagogical factors include the nature of small, rural schools, methods of teaching and socialisation, trends and developments in schooling and finally yet importantly, an account of the present experience on the educational issues in question.

Chapter 1 is the introduction to the paper, explaining the justifications for addressing the research question as well as presenting the structure of the paper and explaining the research method and other necessary preconditions. In chapter 2 and its subsections the systemic factors are dealt with and in chapter 3 and its subsections the pedagogical issues are addressed. In chapter 4 findings are presented and in chapter 5 conclusions are drawn. An institutional model of schools, intended for rural communities is presented in chapter 6. Chapter 7 contains some final comments and a short summary giving the final answers to the research question.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Ytri rök.....	4
2.1. Hvað segja námskrár?.....	5
2.2. Rekstrarlegir þættir	7
2.3. Samfélagslegir þættir – aðstæður í íslensku dreifbýli	10
3. Innri rök	15
3.1. Fámennir skólar	15
3.2. Um aldursblöndun og samkenndu	21
3.3. Reynsla Norðmanna	25
3.3.1. Askerova leik og grunnskóli	25
3.3.2. Fresvik skule	26
3.3. Reynsla Íslendinga.....	28
3.4.1. Húsabakkaskóli í Svarfaðardal – Súðavíkurskóli.....	29
4. Samantekt.....	31
5. Niðurstöður	33
6. Líkan dreifbýlisins	35
7. Lokaorð	38
Heimildaskrá.....	39

1. Inngangur

Það hefur vart farið fram hjá neinum á undanförunum misserum að íslenskt dreifbýli á við vanda að etja. Vandinn felst fyrst og fremst í stöðugri fólksfækkun og búferlaflutningum af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Ástæður þessa kunna að vera margvíslegar en óhætt er að fullyrða að veigamikill þáttur er erfiðari atvinnuskilyrði og verri lífskjör en bjóðast á suð-vesturhorni landsins.

Fólksfækkunin hefur gríðarleg áhrif á allt mannlíf í fámennum byggðarlögum. Grundvöllur undan ýmislegri þjónustustarfsemi brestur, sveitarfélögin og aðrir þjónustuaðilar tapa tekjum og samfélagið verður enn ófýsilegra til búsetu en það áður var. Skólarnir fara heldur ekki varhluta af þessari þróun. Nemendum fækkar stöðugt og er nú svo komið að margir skólar í sveitum landsins standa hálfþómir, enda flestir byggðir á þeim árum (1960 – 1980) sem íslenskur landbúnaður stóð með mestum blóma, fleira fólk bjó í dreifbýlinu og meira jafnvægi ríkti milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

En hvað er þá til ráða? Er aðgengilegt að leggja þessa fámennu skóla niður, leikskólana og grunnskólana og gera samfélögin með því enn óbyggilegri? Kemur til greina að safna nemendum af stórum landsvæðum saman til að fá nægilegan nemendafjölda í sæmilega fjölmenna skóla? Eru ekki takmörk fyrir því hvað hægt er að aka skólabörnum langan veg í skóla? Og hvað um leikskólabörnin? Kemur til greina fyrir foreldra að aka litlum börnum sínum 30 km leið, eða jafnvel lengra, til að koma þeim í leikskóla?

Að undanförunu hefur örlað á því í skólamálaumræðu dreifbýlisins að svarið við þessari öru fólksfækkun, hvað skólana varðar, sé sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í eina stofnun. Í þessari hugmynd sjá margir möguleika á hagræðingu sem leitt gæti til þess að halda megi enn um sinn uppi því þjónustustigi sem sjálfsagt þykir í nútíma samfélagi, sem sagt að geta boðið börnum upp á alhliða grundvallarmenntun, sem vissulega er um þessar mundir nauðsynleg sem aldrei fyrr.¹

Í þeim skrifum sem hér fara á eftir er ætlunin að velta þessu máli frekar upp og spyrja þeirrar spurningar hvort það sé vænlegur kostur að sameina fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla í eina stofnun. Kannski má segja að hugmyndir af þessu tagi hafi fengið byr undir báða vængi í nýútkomnum aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla, auk þess sem líta má þannig á að tónninn hafi verið gefinn í

¹ Helga Erlingsdóttir 2002

grunnskólalögum 1995 og ekki síður með flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna, en þar með voru þessi tvö fyrstu skólastig komin til sama rekstraraðila.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér verður eingöngu fjallað um málið út frá forsendum fámennra samfélaga í íslensku dreifbýli. Þess vegna einskorðast umræðan við fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla. Raunar ber tónlistarskóla einnig lítillega á góma, en það er vegna þess að víða á landsbyggðinni starfa þeir innan veggja grunnskólans og hafa reyndar gert um nokkurt skeið. Sumsstaðar hafa þeir meira að segja verið sameinaðir grunnskólunum og starfa sem deild innan þeirra. Dæmi um slíka sameiningu má m.a. finna í Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði, en fyrirkomulag þar verður hér síðar tekið sem dæmi um aðstæður við skólahald í dreifbýli.

Við þessa vinnu hefur víða verið leitað fanga, bæði í rituðum heimildum og ekki síður með viðtölum við fólk á vettvangi skólamála. Einkum hefur verið leitað í fræði fámennra skóla og skólahalds í dreifbýli, auk þess sem allir viðmælendur hafa reynslu af skólamálum dreifbýlisins. Við þetta bætist að höfundur hefur starfað sem leiðbeinandi við þrjá fámenna skóla á landsbyggðinni undanfarin 20 ár og nýtir sér að sjálfsögðu einnig sína eigin reynslu í ritgerð þessari.

Í þeim skrifum sem hér á eftir koma er ætlunin að leita svara við eftirfarandi spurningu: ***Er vænlegur kostur að sameina fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla í eina stofnun?*** Eins og fram hefur komið er ljóst að spurning þessi brennur nú um stundir á ýmsum þeim sem taka þurfa ákvarðanir um skólamál dreifbýlisins. Marktækt svar krefst góðs undirbúnings í formi upplýsingaöflunar. Vonandi geta þessi skrif orðið einhverjum innlegg í þann undirbúning.

2. Ytri rök

Þegar leitað er svara við því hvort það sé vænlegur kostur að sameina fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla í eina stofnun er rétt að huga fyrst að því hvað nákvæmlega er átt við, þegar rætt er um fámenna skóla.

Stjórn Félags leikskólakennara hefur skilgreint fámenna leikskóla sem þá leikskóla sem einungis hafa eina deild.² Sú skilgreining verður einnig notuð hér, en sennilega er óhætt að fullyrða að þetta séu þeir leikskólar sem hafa nemendafjölda innan við 30 eða þar um bil. Ekki fengust neinar tölur um fjölda fámennra leikskóla í landinu, enda stutt síðan umræðan um fámennu leikskólana hófst hér.

Sem kunnugt er, er leikskólastigið nú fyrsta skólastigið hér á landi og þar eru nemendur oftast nær á aldursbilinu 2 – 5 ára, þó stundum byrji börn reyndar fyrir í leikskóla. Leikskólastigið er ekki skyldunámsstig, hins vegar ber sveitarfélögum að sjá til þess að börn innan sveitarfélagsins eigi kost á leikskólavist, sé þess óskað. Foreldrar greiða fyrir dvöl barna sinna í leikskóla.³

Grunnskólinn er annað skólastig íslenskra barnanna og tekur við af leikskólunum. Grunnskólinn er 10 ára skóli (frá 6 – 16 ára) og eina skyldunámsstigið hérlendis.⁴ Grunnskólinn skal vera nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu. Hvað grunnskólana varðar þá eru þeir taldir fámennir ef samkenna þarf tveimur eða fleiri árgöngum vegna fæðar nemenda. Um það bil helmingur allra grunnskóla á Íslandi er fámennir skólar.⁵

Til að sú umfjöllun sem hér á eftir kemur verði sem skýrust fyrir lesendum er einnig rétt að taka fram að leitað verður svara við rannsóknarspurningunni út frá tveimur megin sjónarhornum, þ.e. annars vegar því sem kalla má ytri rök, en það eru þeir utanaðkomandi þættir sem stýra og hafa áhrif á skólastarf, og hins vegar því sem nefna má innri rök, en það eru þeir þættir í innra starfi þessara tveggja skólastiga, sem skipt geta máli varðandi svör við spurningunni. Undir ytri rök flokkast hér til að mynda lög, reglugerðir og námskrár, auk samfélagslegra aðstæðna og umhverfis skóla og rekstrarlegra þátta og sjónarmiða. Undir innri rök flokkast hins vegar eðli hins fámenna skóla, uppeldis- og kennslufræðilegar aðferðir, stefnur og straumar og síðast

² Björg Bjarnadóttir 2001

³ Lög um leikskóla 1994:1

⁴ Lög um grunnskóla 1995:1

⁵ Svanhildur Kaaber [án árs]

en ekki síst sú reynsla sem nú þegar er fyrir hendi af starfi með þeim hætti sem hér er verið að skoða. Snúum okkur þá fyrst að ytri rökunum.

2.1. Hvað segja námskrár?

Þegar hugað er að því hvort samstarf eða sameining leikskóla og grunnskóla, í einhverri mynd, geti átt rétt á sér, er skynsamlegt að líta fyrst á hvaða stefnu hið íslenska menntamálaráðuneyti hefur lagt fram í þessu efni. Þá stefnu er að finna í *Aðalnámskrá leikskóla og Aðalnámskrá grunnskóla*, almennum hluta. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir svo:

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Samvinna skólastjóra, kennara og foreldra

Sérstaklega er mælt með því að skólastjórar leikskóla og grunnskóla hafi með sér samvinnu og skipuleggi samstarf milli skólastiganna og taki ábyrgð á samstarfinu. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar verða að þekkja vel til hugmynda og vinnubragða hvers annars. Þeir þurfa að ræða saman og skiptast á skoðunum um börn, uppeldi, nám og kennslu og hvernig ber að skilgreina þær kröfur sem gera má til barna á mismunandi þroskaskleiðum. Ber að kynna og ræða áherslur í uppeldisstarfi beggja skólastiganna. Einnig þarf að ræða hvernig auðvelda má barninu breytingar er verða á námi þess og skólalífi þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Ekki er síður gagnlegt fyrir foreldrafélög eða foreldrahópa á báðum skólastigum að hafa samvinnu og samráð sín á milli.

Heimsóknir nemenda og sameiginleg verkefni

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda leikskóla og grunnskóla eru heppileg leið til þess að tengja skólastigin saman í huga barnsins. Æskilegt er að barn í leikskóla kynnist grunnskólanum: byggingunni, skólalóðinni og skólastofunni.

Skapa má tengsl milli elstu barna leikskóla og yngstu barna grunnskóla með sameiginlegum verkefnum í tengslum við næsta umhverfi skólanna.⁶

Svo mörg voru þau orð um samstarf leikskóla og grunnskóla í námskrá leikskólanna. En hugum þá að því hvað sagt er um sama efni í *Aðalnámskrá grunnskóla*, hinum almenna hluta. Þar segir svo:

⁶*Aðalnámskrá leikskóla 1999:33*

Mikilvægt er að leikskólar og grunnskólar efla tengsl sín á milli og komi á sambandi og samstarfi milli leikskólakennara sem hafa umsjón með elstu börnum í leikskóla og grunnskólakennara sem taka við þeim í fyrsta bekk grunnskóla. Það er augljóslega hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hver annars. Því færra sem kemur börnum og foreldrum á óvart þegar skipt er um skóla og vinnustað, því betri samfella sem er á milli skólastiganna, því meiri líkur eru á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar. Brýnt er að foreldrum sé ljóst á hvern hátt grunnskóli er frábrugðinn leikskóla, hvaða nýjar kröfur eru gerðar til barna og foreldra, hver er réttur þeirra og hvaða vinnubrögð og skyldur mæta börnum á nýjum vinnustað.

Auk samvinnu skólastjóra og kennara leikskóla og grunnskóla, geta gagnkvæmar heimsóknir barnanna stuðlað að hnökralausri færslu milli skólastiga. Leikskólabörn geta haft mikið gagn af að heimsækja væntanlegan grunnskóla þar sem þau fá tækifæri til að kynna skólafögu, leikvelli, kennurum og nemendum. Á sama hátt getur heimsókn sex ára barna í gamla skólann sinn orðið til þess að styrkja tengsl leikskóla og grunnskóla. Ekki er síður gagnlegt fyrir foreldrafélög eða foreldrahópa á báðum skólastigum að hafa samvinnu og samráð sín á milli.⁷

Þetta var um samvinnu leikskóla og grunnskóla eins og hún er hugsuð og fram sett í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Raunar er rétt að taka það fram að í lögum um grunnskóla kemur þessi krafa einnig fram (12. gr.), þannig að stefna menntamálaráðuneytisins hvað þetta varðar er alveg skýr.⁸

Ljóst er af lestri þessum að núverandi yfirvöld menntamála á Íslandi gera skýra kröfu um nokkuð viðamikið samstarf leikskóla og grunnskóla í landinu. Víða hefur verið einhver vísir að samstarfi af þessu tagi á undanförunum árum, a.m.k. hefur það þekkt að elstu börn leikskólans heimsæki væntanlegan grunnskóla sinn áður en formleg skólaganga þeirra hefst, svona til að kynna sér staðhætti, líkt og getið er um í námskránum.

Ýmislegt bendir hins vegar til þess að samstarf með þeim hætti sem námskrárnar gera ráð fyrir sé ekki komið til framkvæmda all víða, hverju svo sem það sætir.⁹ Þess vegna má kannski lesa úr námskránum nokkuð skýra kröfu um breyttar áherslur, þar sem bæði skólastigin, leikskólarnir og grunnskólarnir, skulu í framtíðinni taka meira tillit til starfs hvors annars, setja sig betur inn í starfshætti og kynna sér stefnur og strauma sem ríkjandi eru á hinu skólastiginu.

⁷ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1999: 8-10

⁸ *Lög um grunnskóla* 1995:3

⁹ Gerður Ringsted og Rósa Jónsdóttir 2001:21-22

2.2. Rekstrarlegir þættir

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ákveðnar stefnur og straumar teljast ríkjandi í menningu hvers tíma. Þannig getum við sagt að ákveðin sjónarmið séu uppi og mest áberandi. Af þessum sökum má yfirleitt draga fram ríkjandi einkenni mannlífsins og þær skoðanir sem virðast vera almennastar á hverjum tíma.

Eitt megin einkenni á íslenskum samtíma er aukin framleiðsla, framleiðni og hagvöxtur. Krafan um peningalega arðsemi hefur einnig verið afar áberandi og raunar ríkjandi þáttur við stjórnun fyrirtækja, enda hefur íslenskt samfélag tekið verulegum stakkaskiptum á síðasta áratug á forsendum hennar. Nægir hér að nefna grundvallar breytingar á íslenskum peningamarkaði, tilkomu verðbréfamarkaða, samruna fjölda fyrirtækja, fækkun pósthúsa, banka og verslana, einkum á landsbyggðinni, og svo mætti lengi áfram telja. Allt hefur þetta verið stutt þeim rökum að peningaleg arðsemi viðkomandi starfsemi hafi ekki verið með ásættanlegum hætti miðað við kröfur samtímans.

„Hið nýja hagkerfi” sem svo hefur verið nefnt upp á síðkastið, er afsprengi þessara lífsviðhorfa. Gömlu grunnatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, hafa tapað aðdráttaraflinu sínu, en í þeirra stað er komin spákaupmennska með verðbréf og hlutabréf. „Hið nýja hagkerfi” er þess eðlis að það miðast við eðli, framboð, eftirspurn og markaðslögmál fjöldans. Það er lögmál borgarsamfélagsins. Dreifbýli, þar sem fáir standa á bak við hverja einingu, hvort sem um er að ræða verslun eða aðra þjónustu, skóla, menningarstarfsemi, eða hvað svo sem við viljum tína til, stendur því höllum fæti gagnvart fjölda þéttbýlisins. Það þykir einfaldlega of dýrt, ekki arðvænlegt, að halda uppi sama þjónustustigi í dreifbýlinu eins og gert er í þéttbýlinu. Glíma hins íslenska dreifbýlis og lífsbarátta virðist því fyrirfram töpuð í þeim hugsunarhætti sem nú er almennur hér á Íslandi, - í íslenskum nútíma.

Það má leiða að því líkur að hinn gríðarlegi fólksflótti frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis nú á síðustu árum, sé afsprengi þeirra viðhorfa sem nú eru almenn í íslensku þjóðfélagi. Rétt er þó að hafa í huga að ýmsar aðrar þjóðir í nágrenni við okkur eiga við nákvæmlega sama vanda að etja.¹⁰ Þess vegna má í raun segja að flótti fólks úr dreifbýli til þéttbýlis sé almennt hugarfarslegt vandamál í hinum vestræna heimi. Hugarfarslegt telst vandamálið vegna þess að það grundvallast á ríkjandi viðhorfum í efnahagsmálum og þeim aðferðum sem nú eru uppi varðandi hagvöxt og

¹⁰ Steven Yeats 2001

fjármálaviðskipti. Og það vill nú einmitt svo til, að um þessar mundir er hin fjármálalega hugsun ríkjandi, - humanísk fræði og hin mannlegu gildi virðast hins vegar síður eiga upp á pallborðið.

Það er ekki einfalt að leggja mat á fjárhagslega hagkvæmni skóla. Til þess eru þeir of ólíkir hinu hefðbundna rekstrarformi venjulegra fyrirtækja. Það er til að mynda miklu auðveldara að meta hagkvæmni fyrirtækis sem framleiðir stóla. Þar snýst málið einfaldlega um það að kostnaður við framleiðslu hvers stóls sé sem lengst neðan við það verð sem síðan er hægt að selja stólinn á. Mismunurinn er hreinn gróði, sem gerir eiganda fyrirtækisins ánægðan. En þetta er ekki svona einfalt í skólunum. Þar má reyndar, ef menn vilja endilega setja sig í svona rekstrarlegar stellingar, líta þannig á að nemandinn sé það hráefni sem skólinn vinnur úr og skilar síðan út í þjóðfélagið sem vel heppnuðum og nýtum þjóðfélagsþegn, - ef vel tekst til. Vandinn er hins vegar að meta hvenær einstaklingurinn er vel heppnaður og nýtur þjóðfélagsþegn og hverjum ber þá að þakka það. Raunar er ekki skynsamlegt að setja hlutina upp með þessum hætti, til þess er um svo gjörólík mál að ræða.

Eins og áður hefur komið fram skortir dreifbýlið þá eðliseiginleika sem fjölmennið hefur til að standast kröfur um markað og arðbærar einingar. Nákvæmlega það sama er uppi á teningnum þegar við skoðum fjárhagslega hagkvæmni fámennra skóla. Vegna þess hve skólinn er lítil eining verður hver nemandi dýrari en nemandi fjölmenna skólans. Sama gildir um margvíslegan ytri búnað og aðstöðu, sem ævinlega þarf að vera fyrir hendi hversu fámennur sem skólinn er, eigi nemendur fámenna skólans á annað borð að búa við sambærilegar aðstæður og börnin í fjölmennu skólunum. Fámennir skólar, á hvaða skólastigi sem þeir eru, teljast því dýrar stofnanir á mælikvarða þess raunveruleika sem við okkur Íslendingum blasir í dag. Við hinn hefðbundna skólakostnað bætist svo kostnaður við akstur nemenda til og frá skóla, vegna hinnar dreifðu byggðar, auk þess sem oft þarf að sjá starfsfólki fyrir húsnæði við skólann og fleira mætti til telja. Það þarf því enginn að undrast þótt stjórnendur sveitarfélaga leiti leiða til að lækka kostnað við skólahald, ekki síst ef það er einnig haft í huga að þessi kostnaður sumra sveitarfélaga hefur orðið u.þ.b. 80% af útgjöldum þeirra.¹¹

En eins og sagði hér áðan, þá er ákaflega mikilvægt að hafa í huga að hagkvæmni skóla ætti aldrei að meta með sömu mælistiku og gert er þegar reiknuð er

¹¹ Helga Erlingsdóttir 2002

út hagkvæmni annarra fyrirtækja eða stofnana. Það er í sjálfu sér vitað að fámennir skólar verða ævinlega dýrari en þeir fjölmennu ef miðað er við nemendafjölda.

Þeir sem standa frammi fyrir því að taka ákvörðun um hvort fámennur skóli skuli lagður niður þurfa hins vegar að hyggja að fleiri þáttum. Þá er einna mikilvægast að líta til þess starfs sem í skólanum hefur verið unnið og eins að gera sér glögga grein fyrir eðli hins fámenna skóla og hvaða möguleika hann hefur til að reynast nemendum sínum sá grundvöllur þroska og menntunar sem þeim er nauðsynlegur til að geta tekist á við lífið sem bíður þeirra. Hefur hinn fámenni skóli hugsanlega einhverja eðliskosti, sem við sjáum ekki í daglegri hringiðu samkeppnissamfélagsins?

Þá er þess og að geta að skóli, ekki sist í fámennu samfélagi, er samfélaginu afar mikilvægur til að mynda í atvinnulegu- og menningarlegu tilliti og skýtur þar með styrkari stoðum undir búsetu á viðkomandi svæði. Um þessa þætti verður fjallað nánar síðar. (Kafli 3.1.)

En hvað er til ráða? Er til einhver raunhæf leið fyrir fámenn sveitarfélög til að lækka kostnað við lögbundið skólahald sitt? Þeirri spurningu verður að sjálfsögðu ekki svarað hér til hlítar, hins vegar má leiða að því rök að sú leið sem í þessum skrifum er til umfjöllunar, þ.e. að setja leikskóla og grunnskóla, - og jafnvel tónlistarskóla líka, undir eina stjórn, hljóti að teljast leið, sem a.m.k. er verð ítarlegrar skoðunar.

Hin öra fólksfækkun í dreifbýlinu styður þessa hugmynd með því að nemendum hefur fækkað það ört á síðustu árum að nú er víða orðið afar rúmt um nemendur í skólum sem byggðir voru fyrir 20 – 40 árum, þegar byggðirnar stóðu í blóma og íbúafjöldi var verulega meiri en nú er. Af þessum sökum hefur víða skapast rými til að hýsa fámenna leikskóla í húsnæði fámennra grunnskóla, auk þess sem tónlistarskólarnir eru nú þegar komnir inn í húsnæði grunnskólanna á all mörgum stöðum.¹² Með þessu fyrirkomulagi má spara umtalsverða fjármuni, auk þess sem sú samvinna sem kveðið er á um í námskrám verður að sjálfsögðu mun auðveldari við þessar aðstæður. Þá ætti að vera hægt að spara fjármuni með því að samnýta alla aðstöðu og kennslutæki, og jafnvel að einhverju leyti starfsfólk skólanna.

Að sjálfsögðu getur þurft að gera ákveðnar lagfæringar á skólahúsnæði sem á þennan hátt er tekið til nýrra nota, en sá kostnaður verður ævinlega hverfandi á við

¹² Ólafur Arngrímsson 1995: 116

það sem kostar að byggja ný hús. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sem hefur það hlutverk að leggja fram fé til þessara mála, á móti sveitarfélögunum, hefur auk þess verið afar jákvæður út í breytingar af þessu tagi, þegar séð er fram á að þær geti komið í stað nýbygginga.¹³

Það er hins vegar alls ekki víst að verulegur launakostnaður sparist með því að setja leikskóla og grunnskóla saman í eina stofnun. Sá þáttur veltur þó vitaskuld á því hvernig slík sameining yrði skipulögð og upp sett.

Að lokum er rétt að benda á að sameining fámennra leikskóla og grunnskóla, í eina stofnun er í raun af nákvæmlega sama toga og allur sá samruni og sameining fyrirtækja, sem orðið hefur að veruleika hérlandis á undanförunum árum. Það er hinn fámenni markaður, sem knýr okkur til að sameina fyrirtækin til þess að við getum enn um sinn átt möguleika í baráttunni um brauðið á hinum sífellt stækkandi heimsmarkaði. Og þannig er þetta með samfélagið allt. Það er eðli hins fámenna samfélags, sem knýr okkur til að huga að hagræðingu og sparnaði í skólamállum, rétt eins og á öðrum sviðum. Að sameina fámennan leikskóla fámennum grunnskóla getur þannig verið leið til að gera eina sæmilega burðuga og lífvænlega stofnun úr tveimur, sem annars hefðu hugsanlega ekki átt neina framtíð fyrir sér.

2.3. Samfélagslegir þættir – aðstæður í íslensku dreifbýli

Á Íslandi finnast í meginatriðum tvær gerðir samfélaga. Það er annars vegar hið fjölmenna borgar- eða þéttbýlissamfélag og hins vegar hið fámenna dreifbýlissamfélag. Til þéttbýlissamfélagsins telst að sjálfsögðu allt suð-vesturhorn landsins ásamt nokkrum stærstu þéttbýlisstöðunum á landsbyggðinni. Allt hitt má kalla að séu fámenn samfélög, þar með talin flest litlu sjávarþorpin meðfram ströndum landsins, þar sem 50 til 80 börn eru gjarnan við nám í grunnskóla staðarins. Langflestir Íslendingar búa hins vegar í hinum fjölmennu samfélögum og þess vegna hættir okkur svo til að miða flest okkar sjónarmið við þær aðstæður sem þar ríkja. Það verður að teljast enn eðlilegra fyrir þær sakir að við þær aðstæður eru flestar ákvarðanir teknar sem varða íslenskt samfélag og má þá einu gilda hvort rætt er um atvinnumál, skólamál eða eitthvað annað. Árið 1999 bjuggu til að mynda 62% íslensku þjóðarinnar á því svæði sem í daglegu tali er kallað Stór-Reykjavíkur svæðið,

¹³ Ólafur Arngrímsson 2002

þannig að það þarf engan að undra þótt ríkjandi viðhorf þess svæðis vegi þungt í þjóðmálaumræðunni.¹⁴

Umræða um íslenska leikskóla er hér að sjálfsögðu engin undantekning. Þess vegna er áhugavert að setja sig svolítið inn í aðstæður í íslensku dreifbýli þegar velt er vöngum yfir kostum og göllum samstarfs leikskóla og grunnskóla, því það er nefnilega hreint ekki sjálfsagt að aðstæður fámennra leikskóla í strjálbýli séu nákvæmlega þær sömu og fjölmennra leikskóla í þéttbýli.

Til að setja málið í raunverulegt samhengi verður hér tekið dæmi af skólasamfélagi Stórutjarnaskóla í Ljósvatnsskarði í Suður-Þingeyjarsýslu. Þó samfélög séu fámenn geta þau þó verið með nokkuð ólíkum hætti, t.d. hvað varðar atvinnuhætti o.fl. Það breytir því þó ekki að eðli skólans verður ætíð það sama, fámennur samkennsluskóli. Stórutjarnaskóli er í landbúnaðarhéraði og einn af þessum fámennu skólum í íslensku dreifbýli. Þar eru nú u.þ.b. 60 nemendur í 1. – 10. bekk. Jafnframt grunnskólanáminu gefst nemendum kostur á að stunda tónlistarnám við skólann, en sérstök tónlistardeild er starfandi sem deild í grunnskólanum. Sérstakur deildarstjóri er yfir tónlistardeildinni og hefur umsjón með starfinu og ber faglega ábyrgð á starfi hennar. Sá maður er að sjálfsögðu tónlistarkennari. Skólastjóri Stórutjarnaskóla hefur hins vegar með höndum yfirstjórn deildarinnar. Þeir nemendur sem stunda tónlistarnám sækja tónlistartímana á skólatíma þ.e.a.s. þeir fá að fara út úr tímum grunnskólans til að fara í tónlistartíma.

Skólinn er heimanakstursskóli, þ.e. nemendum er ekið til og frá skóla daglega með skólabíl en þeir fá morgunverð og hádegisverð í mötuneyti skólans. Þá er einnig reynt að bjóða börnunum upp á félagsstarf a.m.k. eitt kvöld í viku, en auk þess eru að sjálfsögðu ýmsar samkomur og uppákomur á vegum skólans og nemenda.

En það er ekki bara grunnskóli og tónlistarskóli innan veggja Stórutjarnaskóla. Þar er einnig sundstaður skólasamfélagsins, félagsheimili fyrir hluta þess og íþróttahús svæðisins. Auk þess er leikskólinn Tjarnaskjól starfræktur í húsnæði Stórutjarnaskóla en þar eru nú 14 nemendur.

Leikskólinn Tjarnaskjól er ekki gömul stofnun, einungis u.þ.b. 12 ára. Raunar er það nú svo að fyrir svo sem 20 - 25 árum síðan var varla nokkur leikskóli finnanlegur í íslenskum sveitum. Þá voru aðstæður og viðhorf með þeim hætti að leikskólar þóttu óþarfir við slíkar aðstæður. Þetta hefur hins vegar mikið breyst.

¹⁴ Dr. Bjarki Jóhannesson 2001

Það var einkum fyrir atbeina þáverandi skólastjóra Stórutjarnaskóla að leikskólinn Tjarnaskjól var settur á laggirnar, aðallega vegna þess að starfsfólk skólans vantaði gæslu fyrir börnin sín. Aðra íbúa svæðisins vantaði hins vegar ekki gæslu fyrir sín börn, einfaldlega vegna þess að það fólk starfar nær eingöngu á búum sínum og hefur í sjálfu sér ágæta aðstöðu til að gæta sjálft sinna barna. Hjá slíku fólki er hins vegar uppi annað vandamál sem er það að bændaheimili eru nú mun fámennari en áður var, vegna aukinnar tækni við búskap. Af því leiðir að börn bænda hafa mörg hver lítinn eða engan félagsskap af öðrum börnum heima fyrir.

Þess vegna má segja að stofnun leikskóla við Stórutjarnaskóla hafi leyst tvenns konar vandamál, sem sagt þörf fyrir gæslu barna launamanna og þörf fyrir félagsskap bændabarna.

Að sjálfsögðu sinnir umræddur leikskóli mun víðtækara hlutverki, rétt eins og aðrir leikskólar gera, en fyrrnefnd atriði urðu tvímælalaust til að ýta starfsemi hans af stað. Þeir eru vafalítið fleiri leikskólarnir í íslensku dreifbýli sem orðið hafa til með svipuðum hætti. Þess vegna er rétt að halda því til haga að þörfin fyrir leikskóla í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar er ekki nákvæmlega af sama toga. Hvor tveggja samfélögin þurfa að sjálfsögðu á uppeldis-, þroska- og fræðsluhlutverkinu að halda, en gæsluhlutverk leikskólans er nauðsynlegra í þéttbýli, vegna atvinnuhátta. Hinn félagslegi þáttur vegur aftur á móti þyngra í dreifbýlinu. Þetta er rétt að hafa í huga þegar hugað er að samstarfi eða samruna leikskóla og grunnskóla í dreifbýli.

Nú hefur skólastjóri Stórutjarnaskóla tekið að sér yfirstjórn leikskólans Tjarnaskjóls, jafnframt því að vera áfram skólastjóri Stórutjarnaskóla. Ástæður þess eru margvíslegar. Í fyrsta lagi hefur gengið afar illa að fá starfsfólk að leikskólanum, sérstaklega hefur gengið illa að fá fólk til að veita honum forstöðu. Þess vegna þykir gott að fá einhvern til að taka að sér stjórn leikskólans, sem bæði hefur menntun og reynslu á sviði skólastarfs og stjórnunar.

Í öðru lagi er vilji til þess að leikskólinn fái að nýta sér aðstöðu grunnskólans (kennslutæki, efni og áhöld), mun betur en áður hefur verið, til að auðga starf hans. Í þriðja lagi er vilji til þess að samnýta starfsfólk beggja skólanna, nýta sérmenntað fólk í list og verkgreinum (t.d. tónlist, myndlist, heimilisfræði) og sýna jafnframt þá viðleitni að ná uppeldismenntuðu fólki til starfa við leikskólann, í stað oft á tíðum lítið skólagenginna húsmæðra. Hér hefur nefnilega staðan verið sú sama og víðast annarsstaðar í dreifbýlinu, faglærðir leikskólakennarar hafa ekki verið til staðar. Með aukinni samvinnu og samnýtingu á grunnskólakennurum batnar staðan að þessu

leytinu, þó hér sé það vissulega ekki lagt að jöfnu við faglærða leikskólakennara. Þá er þess einnig að geta að líkurnar á að karlmenn séu við störf í grunnskólum eru all verulega mikið meiri heldur en að þeir séu við störf í leikskólum. Þess vegna eru meiri líkur á að barn sem ekki býr við karlímynd á heimili sínu, fái slíka mynd í leikskóla sem starfræktur er í nánnum tengslum við grunnskóla.

Í fjórða lagi má nefna að fámenn sveitarfélög á landsbyggðinni kvarta flest undan þeim kostnaði sem nú leggst á þau af skólahaldi, en þau bera nú hitann og þungann af leikskólunum, grunnskólunum og tónlistarskólunum, sem kunnugt er. Sveitarfélögin vilja að sjálfsögðu leita leiða til að minnka kostnað af rekstri þessara stofnana og hafa eygt möguleika til þess með aukinni samvinnu, samnýtingu aðstöðu og jafnvel sameiningu þessara stofnana sinna. Á Stórutjörnum hefur tónlistarskólinn nú þegar verið innlimaður í grunnskólann og verið er að gera tilraun með slíkt hið sama varðandi leikskólann.

Enn sem komið er starfar leikskólinn á Stórutjörnum aðeins þrjá daga í viku, sex klst. í senn. Reyndar er það í samræmi við verulegan meirihlutavilja foreldra, en þeir voru m.a. spurðir um þennan þátt í könnun sem unnin var af Sigríði Sítu Pétursdóttur, til stefnumörkunar fyrir starfsemi Tjarnaskjól.¹⁵

Einn dag í viku fá leikskólabörnin að fara heim með skólabíl, annars þurfa foreldrar að aka börnum sínum til og frá skóla, en börnin fá mat í mötuneyti Stórutjarnaskóla. Það fyrirkomulag hefur gefist vel. Þá eru fjögurra og fimm ára börnin í leikskólanum með 1. og 2. bekk grunnskólans tvisvar í viku, samtals fimm kennslustundir. Það hefur líka gefist mjög vel og fer einkum vel í leikskólabörnin og foreldra þeirra.

Þar sem starfsemi leikskólans fer fram í húsnæði grunnskólans (leikskólinn hefur litla einstaklingsíbúð og aflagðan heimavistargang útaf fyrir sig og nýtir aðra aðstöðu eftir þörfum) eru leikskólabörnin að sjálfsögðu öllum hnútum kunnug þegar þau koma í grunnskólann til náms. Þess vegna má segja að leikskólinn Tjarnaskjól og Stórutjarnaskóli uppfylli nú þegar ágætlega stefnu menntamálaráðuneytisins um aukna samvinnu skólastiganna.

Það er vel þekkt krafa þéttbýlisbúa að nauðsynlegt sé að lengja skóladag nemenda og oft heyrast þær raddir að best væri að börnin gætu stundað allt sitt nám, líka tónlistarnám, dansnám o.s.frv. innan veggja grunnskólans. Þetta hefur stundum

¹⁵ Sigríður Síta Pétursdóttir 2001:3

verið nefnt “allt í einum pakka” krafan. Í Stórutjarnaskóla má segja að börnin fái “allt í einum pakka”. Skólabíllinn tekur þau að morgni heima við bæ, ekur þeim til skóla, þar stunda þau sitt skyldunám, - tónlistarnám þeir sem vilja, - fá skólamáltíðir, - hafa aðstöðu til íþróttastarfs, - boðið er upp á dansnámskeið, auk þess sem skólinn er jafnframt félagsmiðstöð barnanna. Í lok skóladags er þeim ekið heim með skólabíl og þar með er skóladeginum lokið (ef frá er talið heimanám). Engar aukaferðir út um hvíppinn og hvappinn til að stunda þetta og hitt aukalega.

Þetta fyrirkomulag stafar hins vegar ekki af því að menn vilji hafa hlutina svona “grand”, ef þannig má orða það, heldur eru það aðstæður dreifbýlisins, vegalengdirnar og fámennið, sem krefjast þess beinlínis. Þess vegna leyfa menn sér líka að hugsa sem svo: Hvers vegna ekki að skella leikskólanum líka inn í þetta líkan? Hvers vegna ekki að nýta skólabíla? Hvers vegna ekki að stilla alla þessa starfsemi betur saman og búa til eina sæmilega burðuga menntastofnun í okkar fámenna samfélagi? Væri það ekki skynsamlegri leið heldur en að þurfa að leggja fámennu skólana niður einn af öðrum vegna þess að fámenn sveitarfélög eru ekki nógu burðug til að halda þeim úti. Væri það aukið jafnrétti til náms? Er nema von að spurt sé?

3. Innri rök

En það er fleira sem skiptir máli en utanaðakomandi þættir og öfl, þegar menn velta því fyrir sér hvort sameining fámennra leikskóla og grunnskóla sé vænlegur kostur í skólamálum dreifbýlisins. Þá er einnig mikilvægt að líta til þeirra þátta sem snúa inn á við að skólunum sjálfum, svo sem til eðlis þeirra og innra starfs. Í þessum kafla verður fjallað um þessa þætti. Í fyrstu verður skoðað hvað nákvæmlega er átt við þegar talað er um fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla og dregnir verða fram þættir sem einkennandi eru fyrir þessar skólagerðir. Því næst verður fjallað um fræði aldursblöndunar, en aldursblöndun er einmitt einkennandi form fyrir fámenna skóla, auk þess sem það hlýtur að vera mikilvægt að huga að kostum og göllum aldursblöndunar þegar rætt er um að blanda saman í eina stofnun börnum, frá tveggja ára aldri (hugsanlega yngri) til 16 ára aldurs. Að lokum verður litið til þeirrar reynslu sem Norðmenn hafa nú þegar af því fyrirkomulagi sem hér um ræðir, auk þess sem héraenda reynslu ber einnig á góma.

3.1. Fámennir skólar

Segja má að fámennir grunnskólar hafi ekki verið til sem skilgreint fyrirbæri í íslenskri skólaflóru fyrr en með stofnun Samtaka fámennra skóla haustið 1989.¹⁶ Það var hins vegar um 1980 sem íslenskir skólamenn fóru að gefa þeim gaum, en það var fyrst og fremst vegna þeirra starfshátta sem þar tíðkuðust, sem sagt aldursblöndun og samkensla árganga, þar sem einstaklingskensla var raunar hið algengasta kennsluform.¹⁷ Segja má að það hafi fyrst og fremst verið með breyttum kennslufræðilegum hugmyndum í hinum vestræna heimi, m.a. með tilkomu hins svo kallaða opna skóla, þar sem sjónum var fremur beint að einstaklingum en hópum, sem fólk fór að huga að starfsháttum fámennu skólanna. Sem dæmi um opinn skóla héraendis um 1980 má taka Fossvogsskóla í Reykjavík.¹⁸ Fram undir þennan tíma hafði starfsfólk fámennra skóla hins vegar litið á samkenslu og einstaklingskenslu, sem neyðarbrauð vegna þess að fámennu skólarnir fengu ekki úthlutað nægilegum tímafjölda frá ríkinu til að árgangaskipta nemendahópum sínum. Þetta leiddi raunar líka til þess að mörgum kennurum fámennra skóla fannst þeir starfa við annars flokks

¹⁶ Hafsteinn Karlsson 1995:10

¹⁷ Ólafur Arngrímsson 1997

¹⁸ Ólafur Arngrímsson 1997

skilyrði, fannst þeir sjálfir jafnvel annars flokks kennarar, og þeir þorðu lítið að hafa sig í frammi í skólamálaumræðunni.¹⁹

Á miðjum níunda áratugnum tók þetta hins vegar að breytast. Ýmsir skólamenn í lykilstöðum svo sem Sigþór Magnússon sem þá var námstjóri í samfélagsgreinum, Pétur Bjarnason, sem þá var fræðslustjóri á Vestfjörðum og Guðmundur Ingi Leifsson, sem þá var fræðslustjóri á Norðurlandi Vestra, og fleiri, stóðu fyrir sumarnámskeiðum fyrir kennara fámennra skóla. Námskeið þessi voru m.a. haldin á Skógum undir Eyjafjöllum og í Sogndal í Noregi, en þar komust íslenskir kennarar fámennra skóla að því að þeir eru langt frá því að vera þeir einu í heiminum, sem starfa við þessa skólagerð.²⁰ Raunar finnast fámennir skólar út um allan heim og víða þykja þeir hinar merkilegustu stofnanir, ekki síst út frá hagsmunum nemenda.²¹

En hvað er það sem er svona merkilegt við þessa skóla? Lítum nú á nokkur atriði sem talin eru einkenna hinn fámenna grunnskóla. Í kynningarbæklingi sem kynningarnefnd Kennarasambands Íslands gaf út sennilega laust fyrir 1995,²² en því miður er bæklingurinn án ártals, segir svo:

Hvað er fámennur skóli?

- Skóli kallast fámennur þegar tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman vegna fæðar nemenda.
- Um það bil helmingur allra grunnskóla á Íslandi er fámennir skólar.
- Fámennir skólar eru til í öllum fræðsluumdæmum.

Hvað einkennir fámenna skóla?

Fyrir nemendur:

- Öruggt og gott umhverfi
- Samkennsla árganga
- Einstaklingskennsla fremur en hópkenndsla
- Sérhver nemandi hefur tækifæri til að njóta sín
- Allir nemendur eru virkir
- Notalegt starfsumhverfi – minni agavandamál
- Umhyggja og samvinna
- Ensetinn skóli – oft skólamáltíðir

¹⁹ Ólafur Arngrímsson 1997

²⁰ Hafsteinn Karlsson 1995:10

²¹ Ólafur Arngrímsson 1997

²² Ólafur Arngrímsson 2002

- Mikil samvinna milli heimila og skóla.

Það er mikilvægt fyrir börn að ganga í skóla í heimabyggð sinni. Þau verða ekki „heimaalningar“ af þeirri ástæðu. Þvert á móti þurfa þau öruggan grunn og rætur til þess að verða fær um að sjá lengra og verða heimsborgarar.

Fyrir skólann:

- Auðveldara að framfylgja aðalnámskrá
- Stefnumörkun skólans er auðveldari
- Auðveldara er að hrinda stefnunni í framkvæmd
- Auðveldara er að samræma innra starf skólans
- Auðveldara er að vinna að þróunarverkefnum
- Náin samvinna við heimilin
- Minni stofnanabragur
- Afslappað andrúmsloft
- Meiri líkur á samheldnu starfsliði.²³

Þarna eru nefnd ýmis atriði sem snúa inn á við, að nemendum og skólanum sem stofnun. Hitt ber einnig að hafa í huga að fámennu skólarnir skipta þær byggðir sem þeir þjóna einnig gríðarlegu máli, svo og þjóðfélagið allt. Lítum á hvað sagt er um þessi atriði í áður nefndum bæklingi:

Fámennir skólar eru sveigjanlegir og auðvelt að aðlaga þá nýjum kröfum og væntingum

Fyrir byggðina:

- Skólinn gefur byggðinni gildi
- Skólinn er menningarmiðstöð
- Skólinn gerir byggðina fýslegri kost fyrir þá sem vilja setjast þar að
- Skólinn getur stuðlað að því að viðhalda byggðinni
- Nemendur læra að meta heimabyggðina og verða því líklegri til að vilja hag hennar sem mestan og bestan.

Skólinn er ein mikilvægasta forsendan fyrir búsetu í mörgum afskekktum byggðarlögum

Fyrir þjóðfélagið:

- Nauðsynlegt er fyrir íslenskt menntakerfi að hafa mismunandi skólagærðir. Það eykur víðsýni þeirra sem um skólamál fjalla og gefur möguleika á samanburðarathugunum
- Sérstaða og sérkenni hvers einstaklings varðveitast betur
- Þjóðfélagið þarfnast þegna með mismunandi bakgrunn og ólíka reynslu.²⁴

²³ Svanhildur Kaaber [án árs]

²⁴ Svanhildur Kaaber [án árs]

Óhætt er að segja að framangreindar fullyrðingar séu ákaflega jákvæðar í garð fámennra skóla. Mörgum kann að þykja sem þarna sé farið offari, sumt eigi hreinilega við engin rök að styðjast og annað þurfi svo sem ekkert endilega að vera bundið við fámenna skóla eingöngu. Hugsanlega kann eitthvað að vera til í slíkri gagnrýni, enda er vitað að bæklingur sá sem upplýsingar þessar eru sóttar í er frá þeim tíma sem afar erfitt var að fá kennara til starfa í fámennum skólum og tilgangur hans því m.a. að gylla fyrir fólki fámennu skólana og búsetu í dreifbýlinu.²⁵ Þrátt fyrir þetta er engin ástæða til að skoða þessa framsetningu sem eitthvert bull, enda eru þeir þættir sem þarna eru dregnir fram í fullu samræmi við skoðanir manna erlendis á eðli og kostum fámennra skóla. Norðmenn hampa til að mynda nákvæmlega sömu þáttum, þegar þeir fjalla um sína fámennu skóla.²⁶

Í grein sem Bruce O. Barker sendi frá sér 1986 og nefnist „Kostir fámennra skóla” kemst hann einnig að hliðstæðum niðurstöðum. Þar segir hann eftirfarandi um kosti smæðarinnar:

- Nemendur eru þungamiðja skólastarfsins
- Agavandamál eru yfirleitt ekki alvarleg og því meiri tími til að læra
- Kennarar hafa góða yfirsýn yfir skólastarfið
- Lágmarks skrifræði gefur tækifæri til sveigjanleika í ákvarðanatöku
- Fáir nemendur á kennara leiðir til þess að nemendur fá meiri athygli og einstaklingskennslu
- Tengsl milli nemenda, kennara og stjórnenda geta verið nánari
- Samskipti við foreldra og umhverfi eru oft meiri en í stórum skólum²⁷

Rétt er að taka fram að þessar niðurstöður sínar styður Barker rannsóknum fram til 1986 á áhrifum stærðar skóla á nám nemenda. Því ætti að vera ástæðulaust að draga þær í efa.

Rannsóknir á fámennum skólum hafa hins vegar mestan part snúist um eðli þeirra og stöðu gagnvart nemendum. Hinir samfélagslegu- og mannfræðilegu þættir virðast minna rannsakaðir.

En snúum okkur þá að hinum fámenna leikskóla. Þá er þar fyrst til að taka að það eru ekki mörg ár síðan umræða um fámenna leikskóla í dreifbýli kom upp á

²⁵ Ólafur Arngrímsson 2002

²⁶ Kristoffer Melheim 2001

²⁷ Rúnar Sigbórsson og Sigfús Grétarsson 1995:57

yfirborðið héraendis. Jafnvel má halda því fram að það hafi ekki verið fyrr en Samtök fámennra skóla breyttu lögum sínum á aðalfundi í Stórutjarnaskóla vorið 2001 í þá veru að þau væru samtök allra fámennra skóla á öllum skólastigum.²⁸

Þetta kann að vera eðlilegt af þeirri ástæðu að leikskólastigið hefur á síðasta áratug eða svo, verið að styrkja sig í sessi, sem fyrsta skólastigið og jafnframt hefur mönnum smám saman orðið ljósara að innan veggja leikskólans fer fram þroskandi nám. Hér áður fyrr virtist það hins vegar viðtekið viðhorf að leikskólarnir væru fyrst og fremst geymslustaðir fyrir börn útívinandi foreldra, þar sem einkum skyldi séð til þess að börnunum leiddist ekki. Þetta viðhorf er hins vegar á undanhaldi, þó margt bendi raunar til þess að það gerist hægar í dreifbýlinu en þéttbýlinu. A.m.k er ljóst að leikskólum í dreifbýli á Íslandi hefur fjölgað mikið á síðustu 15–20 árum, enda fyrirfundust slíkar stofnanir ekki í sveitum landsins þegar höfundur þessara skrifa var að alast upp á árunum milli 1960 og 70. Þróun þessara mála og uppbygging leikskóla hefur hins vegar verið mun örari í þéttbýlinu, sem vafalítið stafar af öðrum atvinnuháttum en tíðkast í dreifbýlinu. (Sjá nánar í kafla 2.3.)

En nú er farið að örla á umræðu um fámenna leikskóla og eins og í umræðunni um fámennu grunnskólana þykir mörgum sem víða sjáist mönnum yfir að aðstæður, bæði stofnanalegar og umhverfislegar, eru aðrar við þessar aðstæður en í fjölmenninu. Það er enda afar mikilvægt að augu manna opnast sem allra fyrst fyrir þessu málefni og þá ekki hvað síst í námi leikskólakennara.

En hvað er fámennur leikskóli og hvað er það sem einkum einkennir hann? Eins og sagði hér framar þá hefur stjórn Félags leikskólakennara skilgreint fámenna leikskóla sem þá leikskóla sem einungis hafa eina deild.²⁹ Af þeirri ástæðu sem hér að framan greinir (lítil umræða um fámenna leikskóla), er ekki mikið til ritað á íslensku um þessa skólagerð. Hins vegar má leiða að því líkur að allar niðurstöður rannsókna um áhrif fámennis á nám barna, svo og um eðli fámennra skóla sem stofnana, eigi svo sem jafnt við um hvaða skólastig sem rætt er. Það sem sagt var hér að framan um fámenna grunnskóla getur því að flestu leyti einnig átt við um fámenna leikskóla.

Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri flutti erindi, sem hún nefndi „Fámennir leikskólar kalla á umræðu“ á ársþingi Samtaka fámennra skóla 20. október 2001. Þar telur hún eftirfarandi atriði til kosta fámennra leikskóla:

²⁸ Þórunn Júlíusdóttir 2002

²⁹ Björg Bjarnadóttir 2001

- Barnahópurinn er lítill
- Andrúmsloftið er heimilislegt og notalegt
- Börnin njóta oftast en ekki einstaklingsumönnunar
- Aldursblöndun er mikil. Börnin sem ekki eiga systkini fá tækifæri til að umgangast börn á öðrum aldri
- Starfsmenn eru fáir
- Auðvelt að fá pláss í leikskólanum. Engir biðlistar
- Foreldrar eru í mikilli nálægð og persónulegum tengslum við leikskólann, þeir þekkja vel starfsfólkið áður en barnið byrjar í leikskólanum.³⁰

Af þessari upptalningu má glöggt sjá að öll þau atriði sem hér eru nefnd, koma vel heim og saman við umræðuna um fámennu grunnskólana. Það styrkir að sjálfsögðu þá skoðun að fræði hins fámenna skóla eigi í stórum dráttum við um öll skólastig.

Þórunn nefnir einnig nokkur atriði sem hún telur vera verri viðureignar í fámennum leikskólum, en þar nefnir hún einkum þætti eins og að börnin mæti óreglulega í leikskólann, vegna mismunandi þarfa og aðstæðna á heimilunum, sem aftur leiðir til þess að erfitt verður að skipuleggja innra starf skólans og halda stöðugleika í starfsmannahaldi. Þetta snýst vissulega fyrst og fremst um það að leikskólinn er ekki skyldunámsstig, þannig að foreldrar eiga að hafa um það val hvernig þeir nýta sér það tilboð sem leikskólinn er.³¹

Þetta leiðir hugann að því hvort ekki sé einmitt skynsamlegt, við aðstæður dreifbýlisins, að tengja saman leikskóla og grunnskóla, þannig t.d. að leikskólabörnunum bjóðist að ferðast með skólabílum. Þannig má hugsanlega fá fram meiri stöðugleika í leikskólalastarfið, mætingar verða stöðugri, auðveldara verður að reikna út stöðugildi og innra starf skólans verður auðveldara í skipulagi, stöðugra og markvissara. Að sjálfsögðu er ljóst að skólaakstur leikskólabarna kallar á breytt skipulag í skólabílum, t.d. með því að í hverjum bíl verði ein bílfreyja/bíljónn, sem hefði það hlutverk að gæta barnanna og þjónusta þau. Þetta fyrirkomulag hefur raunar nú þegar verið tekið upp á nokkrum stöðum og verður vafalaust almennara í framtíðinni.

³⁰ Þórunn Júlíusdóttir 2002

³¹ Þórunn Júlíusdóttir 2002

Eins og áður sagði hefur leikskólum í dreifbýli á Íslandi fjölgað talsvert á síðustu árum og sums staðar hefur verið byggt nýtt húsnæði yfir þessa skóla. Þá hefur þess ekki endilega verið gætt að hafa þá í nánd við grunnskólana til að auðvelda samstarf þessara skólastiga. Annars staðar, einkum þó til sveita, hefur þessum fámennu leikskólum verið holað niður einhvers staðar í lausu húsnæði og oft í húsnæði grunnskólanna. Það hefur skapast af því sem áður var nefnt, að fækkun í byggðunum hefur leitt til þess að margir grunnskólanna standa hálf tómir. Í þeim tilfellum er það vissulega lán í óláni að leikskóli, sem staðsettur er inni í grunnskóla, auðveldar að sjálfsögðu allt samstarf milli þessara skólastiga. Við slíkar aðstæður gæti þess vegna verið kjörið að skella þessum tveimur stofnunum saman í eina, ná fram skilvirkari stjórnun, betri nýtingu á allri aðstöðu og starfsfólki, og síðast en ekki síst, ná fram meiri samfelli í nám barnanna.

Þórunn Júlíusdóttir nefnir einnig þann galla á fámennum leikskólum að þar fækki börnum ævinlega mikið á vorin, jafnvel svo að erfitt geti reynst að halda skólunum opnum vegna nemendafæðar.³² Þetta stafar af atvinnuháttum til sveita, þar sem sjálfsagt þykir að börnin séu heima á sumrin og vasist með foreldrum sínum í sauðburði, heyskap og öðrum þeim störfum sem tilheyra sumrinu. Þá er líka líf og fjör í sveitinni, eldri systkini heima og litlu börnin vilja að sjálfsögðu líka fá að taka þátt. Þetta styður þá hugmynd að gera fámenna leik- og grunnskóla að einni stofnun, sem hefði einn og hinn sama starfstíma fyrir alla nemendur sína.

Í áðurnefndum fyrirlestri kemur einnig fram mikilvægi þess að hefja öfluga umræðu um málefni fámennra leikskóla. Börn í fámennum byggðarlögum eiga sinn rétt til skólagöngu, rétt eins og önnur börn í þessu þjóðfélagi. Það þarf því einnig að taka tillit til þeirra og þeirra aðstæðna sem þau búa við, þegar hugað er að skipulagi og uppbyggingu leikskólastigsins.³³

3.2. Um aldursblöndun og samkennslu

Hér að framan hefur verið leitast við að draga fram þau atriði í opinberri skólastefnu, sem hvetja til samstarfs leikskóla og grunnskóla. Þá hefur einnig verið hugað að rekstrarlegri- og samfélagslegri umgjörð fámennra leik- og grunnskóla, til að átta sig

³² Þórunn Júlíusdóttir 2002

³³ Þórunn Júlíusdóttir 2002

enn betur á því hvort þar sé eitthvað að finna sem jafnvel hvetur til sameiningar þessara stofnana, við vissar aðstæður.

En það er vissulega fleira sem vert er að skoða í þessu sambandi. Það er til að mynda gagnlegt að leiða hugann að því hvort einhver uppeldisfræðileg eða kennslufræðileg rök liggi að sameiningu. Ýmis rök af þessu tagi hafa þegar komið fram í námskránum, svo sem um nauðsyn góðrar samfellu milli skólastiga, samræmi í vinnubrögðum kennara og uppeldis- og námsmarkmiðum skólastiganna. En er fleira af uppeldislegum- eða námslegum toga sem styður þessi sjónarmið?

Aldursblöndun er hugtak sem fór ekki sérlega mikið fyrir í skólamálaumræðunni fyrr en komið var fram á áttunda áratuginn.³⁴ Ástæðan var sennilega einkum sú að fram undir þann tíma var árgangskipt kennsluform alls ráðandi, a.m.k. í barna-, gagnfræða- og menntaskólum, en þau skólastig voru þá mest áberandi í íslenskri skólaflóru. En þrátt fyrir að hið almenna sjónarmið væri það að nemendum skyldi skipt í námshópa eftir aldri, því þannig væri auðveldast að kenna þeim og þannig væru þeim sköpuð best námsskilyrði, þá var ótrúlega mikill fjöldi barnaskóla í landinu sem stundaði samkennslu árganga og blandaði þannig saman árgöngum. Þetta voru fámennir skólar í dreifbýlinu sem um 1990 voru nálega helmingur allra grunnskóla í landinu.³⁵ Staðan var hins vegar sú að flestir skólamenn litu á þetta fyrirkomulag sem neyðarbrauð sem skapaðist af því að nemendur voru einfaldlega ekki nógu margir til að hægt væri að skipa þeim í árgangskipta námshópa. Til þess fengu skólarnir ekki nægan kennslustundakvóta frá ríkinu.

Þegar kom fram um 1970 fóru hins vegar að berast hingað til lands hugmyndir erlendis frá um það að aldursblöndun og samkennsla árganga væri kennsluform sem vert væri allrar athygli og rannsóknir hefðu jafnvel sýnt fram á að þetta fyrirkomulag hentaði nemendum vel til náms.³⁶ Hinn opni skóli kom fram og menn fóru að gera tilraunir með aldursblöndun í fjölmönnum skólum. Það var hins vegar ekki fyrr en upp úr 1980 sem ráðandi öfl í skólakerfinu fóru að átta sig á því að aldursblöndun og samkennsla barna á mismunandi aldri hafði alla tíð tíðkast í fámönnum skólum á landsbyggðinni og þar höfðu menn fyrir framan sig nákvæmlega þetta sama skólaform og allt í einu þótti svo fint og ágætt úti í hinum stóra heimi. Raunar voru það nýútskrifaðir kennarar sem á þessum árum sáu tengsl milli þeirra fræða sem þeir

³⁴ Ólafur Arngrímsson 1997

³⁵ Svanhildur Kaaber [án árs]

³⁶ Ólafur Arngrímsson 1997

höfðu numið í Kennaraháskóla Íslands og starfshátta fámennu skólanna. Þeim þótti vettvangur fámenna skólans því eins konar gósenland og hófu áróður fyrir þessu skólaformi, sem endaði með stofnun Samtaka fámennra skóla árið 1989.³⁷

Þeir Barker og Wright hafa komist að því með rannsóknum sínum að einungis 35% af daglegum samskiptum barna er við jafnaldra þeirra.³⁸ Og þessar niðurstöður fást í samfélagi þar sem skólar starfa með aldursskipt bekkjakerfi. Þetta segir okkur í raun það, að jafnvel þótt nemendum sé skipt upp í aldursgreinda hópa, leita þeir augljóslega á önnur mið og sækjast eftir samvistum við börn á öðrum aldri. Að þessu leytinu til má ætla að fámennir skólar, þar sem ólíkum aldri er blandað saman í hópa, komi betur til móts við þarfir barnanna hvað þessa hneigð varðar. Leikskólarnir, sem flestir starfa eftir mun aldursblandaðra kerfi en gert er í bekkjaskiptum grunnskólum ættu eins að uppfylla þessar þarfir betur.

Í umfjölluninni um aldursblöndun hér á eftir verður ekki gerður greinarmunur á leikskólum og grunnskólum, nema það sé tekið fram sérstaklega, enda er litið svo á að rök fyrir aldursblöndun og fræði aldursblöndunar byggist á samfelldum þroskaferli hvers og eins, án aðgreiningar í ákveðin stig.

Fjölbreytni í þroska og aldri skapar andrúmsloft fyrir margvíslegt nám. Börnin fá með því móti í ríkum mæli tækifæri til að læra hvert af öðru. Þetta á ekki síst við um málþroska. Fullorðnir láta sér oft lynda að setningar litla barnsins séu ófullkomnar og illskiljanlegar og geta sér oft til um hvað barnið er að reyna að segja. Börn gera hins vegar meiri kröfur hvert til annars, eldri börnin hafa að sjálfsögðu meiri orðaforða og þau yngri reyna að apa eftir þeim.³⁹

Samvera barna á ólíkum aldri er forsenda þess að þekking færast frá þeim eldri til hinna yngri. Yngri börn fá hjálp frá hinum eldri. Þau sem eldri eru líta á sig sem mikilvæga leiðbeinendur þeirra yngri. Í aldursblönduðum barnahópum eru eldri börnin oft verndarar þeirra yngri. Í fjölmennum skólum hefur til dæmis verið gerð tilraun með að láta eldri börn taka yngri börn að sér og vernda þau m.a. til að koma í veg fyrir einelti. Þetta hefur þótt takast vel.⁴⁰

Þar sem ólíkir aldurshópar eru saman færast ýmsir siðir, venjur og þekking frá

³⁷ Ólafur Arngrímsson 1997

³⁸ Guðrún Jónsdóttir 1995:113

³⁹ Guðrún Jónsdóttir 1995:114

⁴⁰ Hafsteinn Karlsson 1995:60

þeim eldri til þeirra yngri. Þar má til dæmis nefna samkennd og samvinnu og hæfni til að taka þátt í og skilja þjóðfélagið. Svona nokkuð verður ekki lært af bókum heldur af þeirri reynslu sem við öðlumst af því að vera samvistum við aðra. Barnamenning er mikilvægur hluti af menningu þjóðfélagsins. Þeir sem yngri eru læra af þeim sem eru lítið eitt eldri. Það er til dæmis mikilvægt fyrir börn á aldrinum 4 – 9 ára að umgangast 10 – 12 ára börn. Það er sérstaklega sá hópur sem heldur uppi barnamenningunni og mikilvægum þáttum þess félagslega náms sem fram fer í barnahópnum.⁴¹ Berit Österberg komst til dæmis að því með rannsóknum sínum að þegar börn leika sér frjálst, fara þau í leiki sem þau hafa lært af öðrum börnum en sjaldan eða aldrei í leiki sem fullorðnir hafa kennt þeim. Það að skilja stór börn frá litlum getur því haft óheppilegar afleiðingar, því fullorðnir koma aldrei í stað eldri barna.⁴² Af þessu má draga þá ályktun að aldursblandaðir námshópar barna í skólum séu a.m.k. hvað þessa þætti varðar, heppilegri en aldursgreindir hópar.

Tengslaleysi milli barna og fullorðinna og milli barna innbyrðis veldur mörgum börnum vandkvæðum. Í uppeldi skipta góðar fyrirmyndir nefnilega máli og þess vegna er aldursblöndun, bæði barna og fullorðinna mikilvæg til að skapa tengsl og eðlilega samfellu í samfélaginu. Í nútíma þjóðfélagi er því miður ekki sjálfsagt að ólíkir aldurshópar umgangist hverjir aðra eins og áður var í gamla bændasamfélaginu þar sem fjölmenni var á hverjum bæ og allir þjuggu nánast í sama herberginu.

Til að viðhalda menningunni verður að vera eðlilegur samgangur og samskipti milli allra aldurshópa. Þannig flyst menningin frá kynslóð til kynslóðar. Börn eru ekki síður mikilvæg en foreldrar, stofnanir og skólar í að miðla þekkingu og reynslu. Þar sem börn á ólíkum aldri eru saman er meiri fjölbreytni í leikjum. Yngri börnin læra leikina af hinum eldri og þannig geymast þeir mann fram af manni. Mikilvægust eru þó hin jákvæðu áhrif sem aldursblöndun hefur á félagslegan, andlegan, málfarslegan og tilfinningalegan þroska barnanna.

Eftir því sem þjóðfélagið hefur orðið flóknara hefur aldursgreining aukist. Það er þannig ekki einungis í skólum og leikskólum sem sem skipt er í hópa eftir aldri heldur eru íbúðahverfi í þéttbýli oft byggð fólki og fjölskyldum á svipuðum aldri, í samræmi við byggingartíma hverfanna. Þetta hefur að sjálfsögðu þá hættu í för með sér að fólk í nútímasamfélagi missi af ýmsu því sem aldursblönduð samfélög ein geta gefið.

⁴¹ Hafsteinn Karlsson 1995:60

⁴² Hafsteinn Karlsson 1995:60

Ýmsir hafa orðið til að halda því fram að markviss aldursblöndun við nám og kennslu barna sé afar árangursrík kennsluaðferð. Þeir þremmenningar Levin, Glass og Meister birtu niðurstöður rannsókna sinna árið 1984 þar sem þeir höfðu kannað áhrif fjögurra þátta á námsárangur nemenda. Þættir þessir voru: Fjölgun kennslustunda (lengdur námstími), - færri nemendur í námshópi, - kerfisbundin notkun tölvutækni í kennslu og skipulag í kennslustofu þar sem nemendur voru notaðir sem aðstoðarkennarar og látnir hjálpa öðrum nemendum (sér yngri). Skemmst er frá því að segja að hin síðasttalda aðferðin (nemendur sem aðstoðarkennarar) gaf verulega bestan árangur. Það reyndist til að mynda níu sinnum árangursríkara en fjölgun kennslustunda og fjórum sinnum árangursríkara en hinir tveir þættirnir.⁴³ Þessar rannsóknir eru því meðal þeirra sem sýna fram á gildi aldursblöndunar í skólastarfi.

Af framansögðu má ljóst vera að aldursblöndun er aðferð sem reynst getur árangursrík í skólastarfi og styður þannig enn frekar við það sjónarmið að ástæða sé til öflugs samstarfs og helst af öllu blöndunar leik- og grunnskóla.

3.3. Reynsla Norðmanna

Þegar við hyggjum til framfara en erum ekki alveg viss um hvað við ættum helst til bragðs að taka, er oft gott að skoða hvað aðrir hafa gert við svipaðar aðstæður. Þá þarf að líta til sambærilegra þjóða menningarlega og það þarf líka að líta til sambærilegra aðstæðna að öðru leyti. Þess vegna er gott að skoða aðstæður í strjálbýli þegar við búum við þær og aðstæður í borg, þegar þannig háttar til, o.s.frv.

3.3.1. Askerova leik og grunnskóli

Á eyinni Askerova úti í sveitarfélaginu Flora á vesturströnd Noregs hefur verið gerð merkileg tilraun með sameiningu leik- og grunnskóla. Í Askerova leik- og grunnskóla eru þrjár deildir, leikskóladeild, yngri- og eldrideild. Í hverri deild er deildarstjóri sem ber ábyrgð á öllu uppeldis- og kennslufræðilegu starfi deildarinnar, auk þess sem hann skipuleggur samstarf við aðrar deildir. Það er síðan reynt að nýta það besta úr hverjum starfsmanni með því að einskorða ekki starfskrafta hans við eina ákveðna deild, heldur er starfsfólkið nýtt á öllum deildum eftir því sem sérþekking þess segir til um. Þetta hefur að sjálfsögðu þá þýðingu að börnin umgangast meira og minna allt starfsfólkið óháð því hvar þau eru stödd í aldurstiga skólans. Þetta leiðir m.a. til þess

⁴³ Guðrún Jónsdóttir 1995:114

að börnin í leikskólanum hafa frekar kynni af karlmönnum í skólastarfinu en ella, vegna þess að sem kunnugt er eru karlmenn mun fjölmennari við störf í grunnskólum heldur en leikskólum.⁴⁴

Í Askerova leggja menn mikið upp úr aldursblöndun sem rökum fyrir sameiningu þessara skólastiga. Hér að framan hefur verið gerð all ítarleg grein fyrir kostum aldursblöndunar og því ástæðulaust að gera það frekar hér. Þeir í Askerova nefna einnig kosti samkennslunnar og samfellu í námi, sem stóran kost við þetta fyrirkomulag, jafnframt því sem þeir fullyrða að samstarf við heimilin verði enn betra, þó þar vegi nú reyndar þyngst fámennið.⁴⁵

3.3.2. Fresvik skule

Fresvik skule, eða Fresvíkur skóli, eins og nefna má hann á Íslensku, er staðsettur í samnefndri vík við sunnanverðan Sognfjörð í Noregi, innarlega. Fresvík er nokkuð dæmigert norskt sveitaþorp, þar sem búa um 270 manns. Það er hins vegar athyglisvert að þrátt fyrir staðsetningu í stóru og gjöfulu landi milljónaþjóðar, þá á þetta byggðarlag við nákvæmlega sama vanda að etja og íslenskt dreifbýli um þessar mundir. Fólksfækkun. Og þeir Fresvíkurbúar hafa tekið skólamál sín föstum tókum, ekki síst fyrir þessar sakir.⁴⁶

Fresvik skule er það sem kalla mætti á íslensku uppeldismiðstöð eða eins og þeir Fresvíkurbúar segja sjálfir, „oppvekstsenter”. Þar eru 33 nemendur á grunnskólaaldri í 1. – 10. bekk. Grunnskólinn er þrískiptur eða „tredelt”, sem vísar til þess að nemendum er í grundvallaratriðum skipt í þrjá námshópa, sem eru yngsta-mið- og unglíngastig. Þá eru einnig 10 leikskólabörn, á aldrinum 1 – 5 ára í skólanum. Fresvik skule er því heildstæður skóli samfélagsins fyrir 1 – 16 ára börn, undir stjórn eins og sama skólastjóra, Bjarne Björkevoll.⁴⁷

Að flestu leyti minnir Fresvik skule mjög á það sem við þekkjum af skólalaldi í íslensku dreifbýli. Skólinn sér nemendum fyrir félagsaðstöðu og stendur að hluta til fyrir tilboðum á því sviði. Þá er skólinn eins konar félagsmiðstöð fyrir byggðina, þar eru haldnir fundir og aðrar samkomur og þar er bókasafn byggðarlagsins, sem er sameinað bókasafn skólans og svæðisins. Skólastjórinn sér um það safn.

⁴⁴ Guðrún Jónsdóttir 1995: 112


⁴⁵ Guðrún Jónsdóttir 1995: 112-114

⁴⁶ Bjarne Björkevoll 2001

⁴⁷ Bjarne Björkevoll 2001

Eins og áður sagði skiptist grunnskólahluti Fresvik skule í þrjár deildir eftir aldursstigum en þar við bætist svo leikskólastigið, sem fjórða deildin. Að sögn Bjarne skólustjóra skiptist skólinn þó kannski fremur í tvær einingar, sem eru annars vegar leikskólastigið og yngsta stigið og hins vegar miðstigið og unglingastigið. Umsjónarkennari eða stigstjóri er yfir hverju stigi grunnskólans, og leikskólanum. Þetta fólk vinnur náið saman sem teymi.

Mjög nán samvinna er milli leikskólastigsins og yngsta stigsins, enda liggja stofurnar saman og námið fer að hluta til fram eftir samþættri námskrá þar sem bæði er farið eftir aðalnámskrá grunnskólans og rammanámskrá fyrir leikskólastigið, sem í Noregi er gefin út til viðmiðunar en ekki er skylda að fara eftir. Innan deildanna eða stiganna er notuð skiptinámskrá eða það sem Norðmenn kalla „emnebyteplan“, en hún felst í því að námsefni er víxlað eða endurraðað milli námsára. Þetta er gert til að ekki sé hætta á að nemendur missi úr einhverja námsþætti. Af þessum sökum er ekki endilega víst að nemendur fámennu skólanna séu ævinlega að læra það sama og jafnaldrar þeirra í fjölmennu skólunum. Kennsla í stærðfræði á unglingastigi og erlendum málum er þó aldursbundin í Fresvik skule.⁴⁸



⁴⁸ Bjarne Bjørkevoll 2001

Bjarne Björkevoll segir reynslu af sameiningu fámenns leikskóla og fámenns grunnskóla, eins og hún er framkvæmd í Fresvik góða. Með þessu móti náist fram mun meiri samfella og samræmi í allt nám og uppeldi barnanna, auk þess sem aðstaða og starfsmenn skólanna, nýtist betur með þessum hætti.⁴⁹ Hver er líka kominn til með að segja að skil milli skólastiga skuli endilega vera milli 5 og 6 ára aldurs? Raunar halda ýmsir því fram að heppilegra geti verið að blanda saman 4 – 7 ára börnum.⁵⁰

Bjarne Björkevoll segir það einnig afar mikið atriði í sameiningu leik- og grunnskóla, að stofur, eða vinnusvæði leikskólans og yngsta stigsins, liggi saman og auðvelt sé um samgang þar á milli. Þannig sé hægt að opna fyrir eðlilega tilfærslu barnanna milli svæða og vinnubragða, til dæmis með því að lengra komin leikskólabörn fái að skreppa yfir til yngsta stigsins til að lesa, meðan styttra komnir grunnskólanemendur geta skroppið í leikskólann til að fá útrás fyrir leikþörfina.

Í Noregi má finna nokkur dæmi um sameiningu leikskóla og grunnskóla með svipuðum hætti og gert hefur verið í Fresvik skule. Oft er þó sérstakur deildarstjóri hafður yfir leikskóladeildinni, sem starfar í umboði skólastjórans.⁵¹ Þetta skipulag er umdeilt. Fámennir skólar halda kostum þess á lofti og telja skynsamlegt að styrkja skóla sem stofnanir með þessum hætti og reka eina sæmilega burðuga stofnun frekar en tvær mjög litlar. Stéttarfélag leikskólakennara eru hins vegar andvíg þessu skipulagi og telja það jafnvel lögbrot þar sem lögum samkvæmt sé leikskólinn sérstakt skólastig.⁵²

3.3. Reynsla Íslendinga

Þó umræðan um sameiningu fámennra leikskóla og grunnskóla sé vissulega skemmra á veg komin hér á Íslandi en í Noregi, má þó finna vítt um landið staði þar sem tilraunir í þessa veru hafa farið fram. Við gerð þessarar ritgerðar hefur, eins og fram hefur komið, talsvert verið stuðst við reynslu frá Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði. Ástæða þess er einföld, höfundur er þar starfandi. En það hefur víðar verið leitað fanga. Þær Þóra Rósa Geirsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Húsabakkaskóla í Svarfaðardal, núverandi kennsluráðgjafi, og Dagbjört Hjaltadóttir, kennari við Súðavíkurskóla, voru einnig fengnar til að segja skoðanir sínar á þessum málum, enda

⁴⁹ Bjarne Björkevoll 2001

⁵⁰ Þóra Rósa Geirsdóttir 2002

⁵¹ Rúnar Sigþórsson 2001:4

⁵² Bjarne Björkevoll 2001

hafa þær báðar reynslu af sameiningu fámennra leikskóla og grunnskóla, hvor á sínu svæði.

3.4.1. Húsabakkaskóli í Svarfaðardal – Súðavíkurskóli

Þær Dagbjört og Þóra Rósa voru spurðar að því hverja þær teldu vera helstu kosti og ávinning með því að sameina fámenna leikskóla og grunnskóla. Eftirfarandi atriði komu fram í svörum þeirra sem jákvæðir þættir:

- Samfella í skólagöngu barnanna
- Miklir möguleikar til að auka þjónustu við leikskólabörnin með því að líta á þau sem eina heild (t.d. hópurinn 4 – 7 ára)
- Samstarf leik- og grunnskóla getur hvergi orðið nánara en við slíkar aðstæður
- Samnýting húsnæðis, mannafla og efnis (t.d. myndmennt og heimilisfræði)
- Það gefur bestu möguleika á samnýtingu á fagfólki
- Nemendur losna við skrekkinn við að koma í stærra skólaumhverfi því þau líta á grunnskólann sem skólann sinn
- Grunnskólabörnin fá betri útrás fyrir leikþörfina. Reynslan sýnir að kennslan er frekar miðuð við leik ef yngri börnin eru með
- Börnin fá smá forskot á lestrarkennsluna og sumum er það mikilvægt
- Það styrkir hvorn skóla um sig að vera ein heild í slíku fámenni
- Eitt öflugra foreldrafélag í stað tveggja
- Það er fjárhagslega hagkvæmt fyrir lítil sveitarfélög að reka eina skólastofnun. Þannig verður meira fé til fyrir innra starf skólanna
- Það er byggðapólitískt mál að styrkja skóla í hinum dreifðu byggðum og er þetta ein besta leiðin að því marki. Skóli er fjöregg allra lítilla samfélaga og því sterkari, því styrkari stoð.⁵³

Þetta var um jákvæðu þættina. Þegar kom að því að tína til það sem einkum þótti neikvætt, kvað hins vegar við nokkuð annan tón. Báðar svöruðu þær því til að þeim þættu gallarnir svo hverfandi í samanburði við kostina, að það tæki því varla að nefna þá. Önnur kvað reyndar svo sterkt að orði að hún sagðist enga galla telja við þetta fyrirkomulag út frá hagsmunum barnanna, foreldra og rekstraraðila. Eftirfarandi þættir voru þó nefndir sem gallar við fyrirkomulagið:

⁵³ Dagbjört Hjaltadóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir 2002

- Yfirstjórn leikskólakennara er frekar tortryggin og telur að verið sé að „ræna” leikskólabörnunum yfir í grunnskólann⁵⁴
- Ekki er gert ráð fyrir því í lögum og reglugerðum að sami skólastjóri geti stýrt báðum skólastigunum
- Passa verður að þroskamunur barnanna sé ekki of mikill. Reynt var eitt árið að blanda börnum frá fjögurra ára aldri saman við yngstu börn grunnskólans, það gekk ekki.
- „Sumir segja að með þessu séu leikskólakennarar útilokaðir frá skólastjórastöðum og það sé slæmt, bitni á konum nær eingöngu. Ég er hins vegar ekki sammála þessu”.⁵⁵
- Kennarar og leikskólakennarar sem sinna þessari samkenndu þyrftu að vera sérstaklega menntaðir til þess. Setja þarf upp nám sem gildir fyrir leikskólastigið og upp í neðri bekk grunnskólans.⁵⁶

Ljóst er að þættir þeir sem þær stöllur nefna hér til sögunnar eru mjög á svipuðum nótum og það sem áður hefur komið fram hér frammar hjá öðrum. Reyndar er ástæða til að staldra ögn við það sem þær segja um viðbrögð stéttarfélags leikskólakennara við þessum hugmyndum. Þær eru greinilega af nákvæmlega sama toga og við höfum áður fengið upplýsingar um frá Norðmönnum. Sú staðreynd að lög og reglugerðir geri ekki ráð fyrir þessum möguleika í skipulagi skóla, eru að sjálfsögðu sterk rök í þeirra málflutningi. Á hitt ber hins vegar að líta að það er ekki skynsamlegt að einblýna á lög og reglugerðir, sem eitthvað óumbreytanlegt, - miklu nær er að vinna að því að breyta þeim til samræmis við það sem hægt er að sýna fram á að sé nemendum og samfélaginu fyrir bestu.

Annað sem þarna er nefnt sem ókostur við sameiningu fámennra leikskóla og grunnskóla er að kennara skorti menntun sem nýtist á báðum þessum skólastigum. Óhætt er að taka undir þetta sjónarmið, enda mun nú þegar farið af stað nám við Kennaraháskóla Íslands, sem ætlað er að einhverju leyti að brúa þetta bil. Í kjölfar þess þyrfti hins vegar að koma því til leiðar að nám leikskólakennara og grunnskólakennara skaraðist meira en það nú gerir, þannig að leikskólakennarar gætu fengið réttindi til að kenna, til dæmis upp í 4. bekk grunnskólans, og grunnskólakennarar fengju einnig réttindi til starfa í leikskólanum.

⁵⁴ Björg Bjarnadóttir 2001

⁵⁵ Þóra Rósa Geirsdóttir 2002

⁵⁶ Dagbjört Hjaltadóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir 2002

4. Samantekt

Hér að framan hefur verið leitast við að draga fram ýmsa þætti, sem skipta máli þegar leitað er svara við þeirri spurningu hvort það sé vænlegur kostur að sameina fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla í eina stofnun. Af þessum lestri má m.a. ráða að uppbygging leikskóla í dreifbýli hefur ekki verið mjög markviss og það er heldur ekki mjög langt síðan fólk í dreifbýlinu fór að nýta sér leikskóla sem uppeldis- og menntastofnun fyrir börn sín. Oft virðist tilviljunum háð hvar leikskólunum er fundinn staður, aðstæður til leikskólahlads eru oft afar bágar, menntaðir leikskólakennarar eru fátíðir og tilviljun er háð hvort samstarf leikskóla og grunnskóla hefur verið haft í huga þegar skólahladið er skipulagt. Þetta er vissulega ófögur lýsing.

Umfjöllun þessari hefur verið skipt í tvo megin flokka, ytri rök og innri rök, eftir því hvort efnisþættirnir eru utanaðkomandi áhrifavaldar eða koma innan frá, gegnum innra starf og eðli skólanna.

Til að byrja með kemur fram að yfirvöld menntamála hafa uppi þá stefnu í lögum, reglugerðum og námskrám, að leikskólar og grunnskólar, hvar á landinu sem þeir svo sem kunna að vera, skuli hafa með sér býsna yfirgripsmikið samstarf. Þar með má í raun segja að stjórnvöld hafi kastað teningnum og hvatt til vangaveltna af því tagi sem hér eru á ferð. Stefna yfirvalda er fyrst og fremst stefna samvinnu milli skólastiga. Sameining þeirra skólastofnana sem sveitarfélögin reka er vissulega nokkuð annars eðlis, þó ætla megi að slík sameining sé traustur grunnur undir það samstarf sem lög, reglugerðir og námskrár kveða á um.

Hér að framan má einnig sjá að ýmis rekstrarleg rök eru fyrir því að fámenn sveitarfélög sameini þá þrjá skóla (leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla) sem þau eru ábyrg fyrir, í eina stofnun. Þannig gætu þau gert eina burðuga stofnun úr þremur smáum og veikburða. Aðstæður í dreifbýli, landfræðilegar og mannfræðilegar, hníga einnig að því sama.

Þegar síðan er hugað að þeim innri rökum sem skipta máli, kemur í ljós að það kennsluform, sem samkvæmt eðli hins fámenna skóla er þar hið ríkjandi kennsluform (aldursblöndun og einstaklingskennsla), hnígur einnig að því að skynsamlegt sé að blanda saman leikskóla og grunnskóla.

Reynsla Norðmanna og þeirra íslensku skólamanna sem rætt var við, er einnig á afar jákvæðum nótum, þó vissulega séu ákveðin ljón í veginum, sem skynsamlegt er

að varast. Það er ljóst að meðal fagstéttanna, hvort heldur sem um er að ræða grunnskólakennara, leikskólakennara eða tónlistarkennara, hafa margir miklar efasemdir um sameiningu af þessu tagi. Stéttarfélög þessara stétta hafa einnig verið fremur þegjandaleg þegar þessi mál hefur borið á góma og gætt hefur tilhneigingar hjá hverju fyrir sig að vilja verja sína stétt.⁵⁷ Slík afstaða er vel skiljanleg út frá stéttvísi en síður út frá fagmennsku á sviði uppeldis- og kennslumála.

Raunar er það nú þannig að kjarabaráttu, sem er meginviðfangsefni stéttarfélaganna, stangast oft á við faglega þætti skólastarfs. Þeir sem eru í forsvari fyrir stéttarölg kennara lenda því iðulega í erfiðri baráttu, þegar samræma þarf kjaramálin faglegu innra starfi skólanna.⁵⁸

Sveitarstjórnarmenn og þeir sem bera ábyrgð á kostnaði við skólahaldið, eru hins vegar fúsir til að skoða þessi mál og sjá margir hverjir í þessu nýtt ljós í skólamálu dreifbýlisins.⁵⁹

⁵⁷ Ólafur Arngrímson 1995:7

⁵⁸ Ólafur Arngrímsson 2002

⁵⁹ Ólafur Arngrímsson 2002

5. Niðurstöður

Eftirfarandi atriði eru grundvallarniðurstöður þeirra athugana sem hér hafa farið fram:

Ytri rök:

- Það er skýr krafa íslenskra yfirvalda að með leikskólum og grunnskólum skuli vera nokkuð yfirgripsmikið samstarf. Þessi stefna kemur fram í lögum, reglugerðum og námskrám
- Ríkjandi viðhorf í þjóðfélaginu krefjast hámarks arðs af öllum rekstri. Rekstur ríkis og sveitarfélaga er þar engin undantekning
- Eðli fámennra samfélaga stenst ekki markaðskröfur borgarsamfélagsins. Dreifbýlið stendur því höllum fæti gagnvart „borgríkinu” á suð-vestur horni landsins
- Fámenn sveitarfélög eru knúin til að hagræða í rekstri sínum vegna minnkandi tekna í kjölfar fólksflótta frá dreifbýli til þéttbýlis
- Fámenn sveitarfélög eru knúin til að leita sparnaðarleiða í rekstri skóla sinna
- Það er fjárhagslega hagkvæmt fyrir lítil sveitarfélög að reka eina skólastofnun í stað tveggja eða þriggja
- Samnýting húsnæðis, aðstöðu, mannafla og efnis sparar peninga
- Það er mikilvægt í dreifbýli, þar sem vegalengdir eru miklar, að börn fái þjónustu skóla sveitarfélagsins (leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla) á sama stað
- Erfitt hefur verið að fá menntaða leikskólakennara til starfa við fámenna leikskóla í dreifbýli, enda starfa þeir oft ekki alla daga vikunnar og loka oft á sumrin. Samnýting leikskólakennara og grunnskólakennara í sameinuðum leikskóla og grunnskóla, eykur líkurnar á að uppeldismenntað fólk fái störf til starfa
- Það styrkir hvorn skóla um sig (leikskóla og grunnskóla) að vera ein heild í slíku fámenni. Ein sæmilega burðug stofnun í stað tveggja sem hugsanlega eiga ekki framtíð fyrir sér
- Það er byggðapólitískt mál að styrkja skóla í hinum dreifðu byggðum. Skóli er fjöregg allra lítilla samfélaga og því sterkari, því styrkari stoð
- Til að sameining fámennra leikskóla og grunnskóla geti átt sér stað er mikilvægt að báðir séu í sama húsinu, a.m.k. á sömu lóðinni

- Lög gera ekki ráð fyrir að einn og sami skólastjóri geti verið yfir leikskóla og grunnskóla
- Menntun leikskólakennara og grunnskólakennara gerir ekki ráð fyrir að þeir starfi á báðum skólastigunum
- Stéttarfélag kennara geta hugsanlega reynst Þrándur í Götu sameiningar fámennra leikskóla og grunnskóla.

Innri rök:

- Aldursblöndun og einstaklingskennsla einkenna fámenna skóla.
Rannsóknir sýna fram á að þetta form er gott fyrir nám og þroska barna.
Blöndun leik- og grunnskóla er sama eðlis
- Sameining leikskóla og grunnskóla hefur í för með sér meiri samfellu í skólagöngu barnanna
- Miklir möguleikar til að auka þjónustu við leikskólabörnin með því að líta á þau sem eina heild með grunnskólabörnunum.
- Samstarf leik- og grunnskóla getur hvergi orðið nánara en við slíkar aðstæður
- Grunnskólabörnin gætu fengið betri útrás fyrir leikþörfina og bráðþroska leikskólabörn gætu frekar fengið viðfangsefni við hæfi
- Reynsla Norðmanna af sameiningu fámennra leikskóla og grunnskóla er góð. Reynsla okkar Íslendinga einnig.

6. Líkan dreifbýlisins

Hér að framan hafa verið dregin fram ýmis rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að sameina fámenna leikskóla og fámenna grunnskóla í eina stofnun. Því er ekki úr vegi að velta því lítilliga fyrir sér hvernig uppbygging (struktur) slíkrar stofnunar gæti hugsanlega verið. Það líkan sem hér er sett fram miðast við fámenna skóla í dreifbýli.

Hér verður gengið út frá því að sameinaðir verði í eina stofnun leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að þetta eru þær þrjár skólastofnanir sem sveitarfélögunum ber að starfrækja og vegna örrar fólksfækkunar í dreifbýlinu, hefur víða skapast rými í húsnæði grunnskólanna fyrir allar þessar stofnanir undir sama þaki. Þess eru enda dæmi að svona sameiningar hafi þegar átt sér stað. Með sameiningu þessara þriggja stofnana undir sömu stjórn má líka ná fram samfellu í nám og uppeldi barnanna, auk þess sem innlimun tónlistarskólans auðveldar að tónlistin verði eðlilegur og sjálfsagður þáttur í námi allra barna. Hér að framan hafa verið tínd til ýmis rök sem styðja sameiningu leikskóla og grunnskóla og leiða má að því líkur að hluti þeirra raka gildi nákvæmlega eins varðandi sameiningu tónlistarskólans við hina tvo.

En hvernig verður þessum þremur skólum komið fyrir í einni stofnun? Það verður gert með þeim hætti að grunnskólinn verður þungamiðja starfsins enda er þar um að ræða skyldunámsstig. Annars má segja að skólinn verði deildskiptur, þ.e. grunnskóladeildin verður eins konar móðurdeild (vegna skyldunámsins og skyldurekstrar sveitarfélagsins) þar sem skólastjóri fer með yfirstjórn allra deilda. Leikskóladeild þar sem deildarstjóri leikskóladeildar ber faglega ábyrgð og stýrir daglegu starfi deildarinnar og loks tónlistardeild, þar sem einnig starfar deildarstjóri sem ber faglega ábyrgð á starfi sinnar deildar og stjórnar daglegu starfi hennar. Skólanefnd verður einnig ein í stað þriggja, sem er ótvíræð hagræðing í samfélagi þar sem óhægt er um vik að manna allar lögbundnar nefndir vegna fámennis, auk þess sem það sparar peninga.

Hér er rétt að staldra ögn við þá fullyrðingu að nauðsynlegt sé að skólastjóri grunnskólans sé æðsti yfirmaður deildskiptrar stofnunar eins og hér er lýst. Áður er nefnd sú staðreynd að grunnskólinn er eini skyldunámsskólinn af þessum þremur og þess vegna ber sveitarfélögunum ótvírætt að reka slíkan skóla. Önnur rök eru kannski miklu fremur stofnanalegs eðlis.

Maður er nefndur Max Weber (1864-1920) og var þýskur. Hann setti fram hina svo kölluðu regluveldiskenningu, en þar heldur hann því fram að stofnanir, þ.m.t. skólar, séu uppbyggðir sem regluveldi/stigaveldi (hierarchy).⁶⁰ Stigbundið vald er einnig veigamikill þáttur í kenningum Webers um stofnanalega uppbyggingu. Þar leikur valdapýramídan stórt hlutverk. Í valdapýramídanum trónir yfirmaður stofnunarinnar á toppnum og síðan koll af kalli niður eftir pýramídanum og neðstir eru valdaminnstu undirsátar stofnunarinnar. Í valdapýramídanum hefur hver starfsmaður sinn ákveðna stað með þeim völdum og skyldum sem tilheyra staðsetningu hans. Hann hefur a.m.k. einhver yfirráð yfir starfsmanni á næsta þrepi fyrir neðan, en verður jafnframt að lúta valdi starfsmanns á næsta þrepi fyrir ofan sig.

61

Kenningar Webers eru að sjálfsögðu mun yfirgrípsmeiri en hér er lýst en hér er einungis tæpt á því allra helsta til að sýna fram á að við uppbyggingu stofnana er nauðsynlegt að setja kerfið þannig upp að ætíð sé einhver yfir annan settur til að ekki sé hætt á að ágreiningsmál setjist föst vegna þess að uppbygging stofnunarinnar sé með þeim hætti að engin hafi vald til að skera úr þegar deilur rísa. Hér er í raun nákvæmlega sama hugsun á ferðinni og sú þegar látið er standa á oddatölu í nefndum, oddamaður er hafður í nefnd, til að meirihlutaákvörðun liggi örugglega fyrir.

Deildarstjórar sem þá hefðu fagmenntun á starfssviði viðkomandi deildar væru síðan yfirmenn sinna deilda, leikskóladeildar og tónlistardeildar og bæru faglega ábyrgð á innra starfi þeirra. Þannig væri tryggt að í leikskóladeildinni svifi andi leikskólafræðanna og leikskólakennara yfir vötnum og eins væri um tónlistardeildina. Ekki þarf að taka fram að lög, reglugerðir og námskrár allra þeirra skólastiga sem hér er rætt um að sameina, lægju að sjálfsögðu til grundvallar skólastarfínu, enda felst sameiningin í því að sameinaður skóli sveitarfélaganna tekur að sér hlutverk þeirra allra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.


Varðandi kenningar Webers um uppbyggingu (struktur) stofnana, þá hafa vissulega ýmsar kenningar komið fram síðar, sem ekki eru í fullum samhljómi við málflutning hans. Það sem eftir stendur og skiptir máli í þessu samhengi er þó það að flestum kenningum um stjórnun fyrirtækja og stofnana ber saman um nauðsyn þess að valdið innan þeirra sé stigskipt. Þess vegna er nauðsynlegt að innan hvernar stofnunar sé aðeins einn yfirmaður og millistjórnendur síðan niður eftir valdapýramídanum.

⁶⁰ Hoy og Miskel 1987:108

⁶¹ Owens 1991:152

Þessi staðreynd gerir það að verkum að skipulag þar sem tvær, eða fleiri skólastofnanir, með jafnmarga yfirmenn, eiga að starfa undir sama þaki á jafnréttisgrundvelli, getur aldrei gengið upp. Að ekki sé nú talað um ef þær eiga síðan að samnýta alla aðstöðu og jafnvel nemendur að einhverju leyti. Af þessu leiðir að það er sumpart ekki raunhæft að gera miklar kröfur um náið samstarf milli sjálfstæðra skólastofnana. Öðru máli gegnir hins vegar þegar tveir eða fleiri skólar eru sameinaðir í einn, því þá inniber hin nýja stofnun markmið og starfssvið allra hinna. Fólki, sem áður vann við ólíkar stofnanir vinnur nú við eina. Útgangspunktur verður sá sami og allir stefna að sama marki. Samkennd starfsmanna gæti aukist, enda verða nú allir starfsmenn stofnunarinnar samábyrgir fyrir þeirri starfsemi, sem áður fór fram á tveimur eða fleiri vinnustöðum. Með þessu móti er einfaldlega verið að koma að samvinnunni með með öðrum og markvissari hætti, auk þess sem líklegt er að hún geti gengið enn lengra og orðið eðlilegri og fastari þáttur í skólastarfinu.

Um innra starf sameinaðra skóla sveitarfélaga verður ekki fjölyrt hér, enda verður slíkt ávallt útfærsluatriði eftir aðstæðum og hugsun á hverjum stað. Hins vegar ætti að leggja á það áherslu að blanda saman a.m.k. elstu nemendum leikskólans og yngstu nemendum grunnskólans, á grundvelli aldursblöndunarfræðanna, auk þess sem sjálfsagt er að gera tónlistina að ríkum þætti, þar sem tónlistardeildin nýttist að sjálfsögðu vel.



7. Lokaorð

Eins og fram kom í inngangi steðjar nú vandi fólksfækkunar að íslensku dreifbýli. Fámenn sveitarfélög berjast víða í bökkum og skólahald er þeim þungur baggi. Á slíkum stundum leita menn flestra leiða til að hagræða þannig í pyngju sinni að enn um sinn megi halda uppi mannsæmandi þjónustustigi, jafnvel þó svo 2/3 hlutar tekna sumra fámennra sveitahreppa fari í útgjöld vegna skólamála.

Með nýjum aðalnámskrám leik- og grunnskóla og ákvæðum í lögum, er sett fram krafa menntamálaráðuneytisins um að með leikskólum og grunnskólum skuli vera ákveðið lágmarkssamstarf.

Það má einnig færa að því ýmis uppeldisfræðileg og kennslufræðileg rök að slíkt samstarf sé skynsamlegt.

Þegar við þetta bætast svo aðstæður í íslensku dreifbýli, félagslegar, landfræðilegar og nú síðast fjárhagslegar og samfélagslegar, þá verður að teljast eðlilegt að menn leiði hugann enn frekar að aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu þeirra skóla sem sveitarfélögin eru nú með á sínum herðum.

Sameining leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla er nú lausnarorðið meðal margra skólamanna sem starfa í dreifbýlinu. Fyrir slíkri sameiningu liggja enda margvísleg rök og alls ekki öll út úr neyð.

Hér í upphafi var spurt þeirrar spurningar **hvort sameining fámennra leikskóla og fámennra grunnskóla væri vænlegur kostur**. Eftir að hafa farið í gegnum fjölda atriða sem skipta máli varðandi svarið við þessari spurningu, og leitað víða fanga, er **niðurstaðan sú að svara spurningunni játandi**. Fjöldmörg rök liggja til þess að hér sé um að ræða afar vænlegan kost í skólamállum hinna dreifðu byggða og augljósir vankantar það lítilfjörlegir að auðvelt ætti að vera að sníða þá af.

Full ástæða er því til að setja í gang fleiri tilraunir af því tagi sem hér að framan hefur verið lýst og ættu stéttarfélög þeirra fagstétta sem þar eiga hlut að máli að gefa jáyrði sitt við slíku. Þar væri á ferðinni fullgilt innlegg til lausnar þeim vanda sem nú steðjar að skólahaldi í íslensku dreifbýli.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Guðrún Jónsdóttir. 1995. *Vegprestur, Margur er knár þótt hann sé smár*. Reykjavík, Samtök fámennra skóla.

Hafsteinn Karlsson. 1995. *Vegprestur, Aldursblöndun*. Reykjavík, Samtök fámennra skóla.

Hafsteinn Karlsson. 1995. *Vegprestur, Samtök fámennra skóla*. Reykjavík, Samtök fámennra skóla.

Hoy, Wayne K. og Miskel, Cecil G. 1987. *Educational Administration (3ed)*. New York, Random House.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Owens, Robert G. 1991. *Organizational Behavior in Education (4ed)*. Boston, Allyn and Bacon.

Ólafur Arngrímsson. 1995. *Vegprestur, Sameining grunnskóla og tónlistarskóla*. Reykjavík, Samtök fámennra skóla.

Rúnar Sigbórsson og Sigfús Grétarsson. 1995. *Vegprestur, Kostir fámennra skóla*, Reykjavík, Samtök fámennra skóla.

Svanhildur Kaaber. [Án árs]. *Fámennir skólar, notalegt starfsumhverfi, minni agavandamál*. Reykjavík, Kennarasambands Íslands, kynningarnefnd.

Óprentaðar heimildir

Gerður Ringsted og Rósa Jónsdóttir. 2001. *Fleira veit sá er fleira reynir, samstarf leikskóla og grunnskóla*. Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs. Háskólinn á Akureyri.

Ólafur Arngrímsson. *Um fámenna skóla á Íslandi*. Fyrirlestur fluttur yfir norrænum skólastjórum í Þórshöfn í Færeyjum 3. júlí 1997.

Rúnar Sigbórsson. *Skýrslukorn um ferð Samskólakennara og nokkurra fylgifiska þeirra til Sogns í Noregi 6.-12. júní 2001*.

Sigríður Síta Pétursdóttir. 2001. *Könnun meðal foreldra leikskólans Tjarnaskjól*s.

Munnlegar heimildir

Dr. Bjarki Jóhannesson (starfsmaður Byggðastofnunar). „*Páttur menntunar í byggðaþróun*”. Erindi flutt á ráðstefnu um menntun í dreifbýli í Stórutjarnaskóla 28.apríl 2001.

Bjarne Björkevoll (skólastjóri Fresvik skule). Fyrirlestur á ársþingi Samtaka fámennra skóla 20. október 2001.

Björg Bjarnadóttir (formaður Félags leikskólakennara). Fyrirlestur á ársþingi Samtaka fámennra skóla 20. október 2001.

Dagbjört Hjaltadóttir (kennari og deildarstjóri við Súðavíkurskóla). Viðtal 25. mars 2002.

Helga Erlingsdóttir (oddviti Ljósavatnshrepps). Viðtal 21. febrúar 2002.

Kristoffer Melheim (lektor við Sogndal lærerhögskule). Viðtal 6. – 12. júní 2001.

Ólafur Arngrímsson (skólastjóri Stórutjarnaskóla). Viðtal, janúar – apríl 2002.

Steven Yeats (kennari í Crossfield á Englandi). Viðtal 8. apríl 2001.

Þóra Rósa Geirsdóttir (kennsluráðgjafi og fyrverandi skólastjóri Húsabakkaskóla). Viðtal 20. febrúar 2002.

Þórunn Júlíusdóttir (leikskólastjóri á Kirkjubæjarklaustri). Fyrirlestur á ársþingi Samtaka fámennra skóla 20. október 2001.